



# LÖG ÍSÍ UM LYFJAMÁL

## ***Inngangur***

### ***Formáli***

***24. apríl 2004 samþykkti Íþróttá og Ólympíusamband Íslands Alþjóðalyfjareglurnar. Þessar lyfjareglur eru samþykktar og framkvæmdar í samræmi við ábyrgðarsvið Lyfjaeftirlits ÍSÍ samkvæmt Alþjóða lyfjareglunum og eru til að styrkja þá viðleitni Lyfjaeftirlitsins að útrýma lyfjamisnotkun í íþróttum á Íslandi. Lyfjareglurnar, líkt og keppnisreglur, eru íþróttareglur sem ráða skilmálum íþróttaiðkunar. Íþróttafólk, aðstoðarfólk íþróttamanna og aðrir aðilar samþykkja þessar reglur sem skilyrði fyrir þátttöku og eru bundin af þeim. Þessar sértæku íþróttareglur og verklagsreglur eiga að efla reglur gegn lyfjamisnotkun í íþróttum á alþjóðlegan og samræmdan hátt og eru afgerandi í eðli sínu og því ekki ætlað að vera háðar eða takmarkaðar af landsreglum og lagaviðmiðum sem gilda um málarekstur eða ráðningar. Við skoðun gagna og laga í tilteknu máli, skulu dómstólar, gerðadómar og aðrir úrskurðaraðilar hafa í huga og virða eðli lyfjareglanna í reglunum og þá staðreynd að þessar reglur tákna einhug hagsmunaaðila um allan heim sem hafa heiðarleika og heilsu í íþróttum að leiðarljósi.***

## ***Grunnforsendur fyrir Alþjóðalyfjareglunum og Lögum ÍSÍ um lyfjamál***

***Grundvöllur baráttunnar gegn lyfjamisnotkun í íþróttum er að leitast við að vernda hin sjálftryggu gildi íþróttanna. Oft er talað um þessi gildi sem "íþróttandann"; sem kjarna Olympíuhugsjónarinnar; hinn sanna keppnisanda. Andi íþróttarinnar er hylling mannsandans, líkama og sálar og einkennist af eftirtöldum gildum:***

***Siðferði, drengskapur og heiðarleiki.***

***Heilbrigði***

***Afburðaárangur***

***Skapgerð og menntun***

***Gleði og ánægja***

***Samvinna***

***Ástundun og skuldbinding***

***Virðing fyrir lögum og reglum***

***Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum iðkendum***

***Hugrekki***

***Samkennd og samstaða.***

***Lyfjamisnotkun stríðir alfarið gegn anda íþróttanna***

## **Lyfjaeftirlit ÍSÍ**

**Lyfjaeftirlit ÍSÍ er hluti af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Markmið þess er að hafa umsjón með baráttunni gegn lyfjamisnotkun í íþróttum á Íslandi og hefur Lyfjaeftirlitið vald og ábyrgð á eftirfarandi:**

- **Skipulag, samræming, framkvæmd, eftirlit og kynning á bættu lyfjaeftirliti;**
- **Samvinna með öðrum landssamböndum, stofnunum og öðrum lyfjaeftirlitum;**
- **Hvatning til gagnkvæmra lyfjaprófa lyfjaeftirlita;**
- **Kynning á rannsóknum á lyfjamisnotkun;**
- **Ef um fjárstyrki er að ræða, halda eftir hluta fjárstyrks eða öllum meðan á keppnisbanni stendur hjá íþróttamanni eða aðstoðarfólki íþróttamanns sem hefur brotið lyfjareglurnar í samráði við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands;**
- **Rannsaka eftir föngum öll möguleg brot á lyfjareglunum innan síns umdæmis, þar á meðal að rannsaka hvort aðstoðarfólk íþróttamanns eða aðrir aðilar kunni að tengjast hverju tilfalli;**
- **Skipuleggja, framkvæma og fylgjast með upplýsingum um lyfjamisnotkun og fræðsluefni.**

## **Gildissvið**

**Þessar lyfjareglur gilda fyrir Lyfjaeftirlit ÍSÍ, öll íslensk sérsambönd og alla iðkendur í starfi landssambanda með skírskotun til aðildar iðkanda, viðurkenningar eða þátttöku í landssamböndum eða starfsemi þeirra eða mótum.**

**Einstaklingar sem eru ekki meðlimir landssambands á Íslandi og uppfylla kröfur um að vera í prófunarhóp lyfjaeftirlitsins, verða að gerast meðlimir landssambands viðkomandi og vera tiltækir til prófunar í minnst tólf (12) mánuði fyrir þátttöku í alþjóðamótum eða mótum á vegum landssambands.**

**Þessar lyfjareglur skulu gilda um öll lyfjapróf undir lögsögu Lyfjaeftirlits ÍSÍ.**

## Grein 1: Gildissvið laganna

### 1.1 Sér sambönd ÍSÍ.

1.1.1 Sér sambönd ÍSÍ skulu taka upp Lög ÍSÍ um lyfjamál og fella þau beint eða með tilvísun inn í lög sín, stofnskrá og/eða reglur og verði þau þannig hluti af íþróttareglum, réttindum og skyldum sem sambandsaðilar og íþróttamenn lúta.

1.1.2 Beiting laganna við íþróttamenn byggist á aðildarskuldbindingum sem eru í gildi milli sér sambanda og félagsmanna þeirra eða íþróttamanna sem samþykkja með þátttöku sinni í íþróttum að hún sé samkvæmt lögum þessum.

***Athugasemd við grein 1.1.2. Hentug framkvæmd gæti falist í því að láta fram koma á aðildarskírteini/leyfi hvers landssambands að handhafi kortsins sé bundinn af lyfjareglum ÍSÍ og viðkomandi alþjóðasambands með undirskrift því til staðfestingar.***

1.1.3 Það er skilyrði fyrir fjárstyrk og/eða annarri aðstoð frá ÍSÍ að sér sambönd fari eftir lögum þessum þar á meðal beitingu þeirra gagnvart einstaklingum. Þá skulu sér sambönd virða vald ÍSÍ og vinna með ÍSÍ og rannsóknaraðilum í öllum lyfjamálum sem lúta ekki reglum viðkomandi alþjóðasér sambands samkvæmt Alþjóðalyfjareglunum.

***Athugasemd við grein 1.1.3. ÍSÍ skal vinna með stjórnvöldum til að tryggja að samþykkt og framkvæmd stefna sér sambanda gegn lyfjamisnotkun sé forsenda þess að fá fjárstyrki og/eða annan stuðning frá stjórnvöldum og/eða ÍSÍ.***

1.1.4 Samþykkt þessara laga felur í sér viðurkenningu sér sambanda ÍSÍ á valdi og ábyrgð lyfjaeftirlits ÍSÍ samkvæmt lögnum. Sér sambönd viðurkenna vald og ábyrgð lyfjaeftirlits ÍSÍ á framkvæmd lyfjareglanna og heimila lyfjaeftirliti ÍSÍ að framkvæma lyfjapróf og meðlimir þeirra og iðkendur viðurkenna að sama skapi þetta vald og ábyrgð.

1.1.5 Með samþykkt þessara laga og upptöku þeirra samþykkja sér sambönd ÍSÍ einnig að sér sambandið og allir íþróttamenn þess sem lúta þeirra lögsögu eða eftirliti eða lúti lögum eða reglum íþróttarinnar, falli undir þessi lög. Þau samþykkja að hlýða ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessum lögum, einkum ákvörðunum dómstóls ÍSÍ og áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Félagar þeirra og þátttakendur viðurkenna og samþykkja að lúta þessu með fyrirvara um áfrýjunarréttindi í lögnum.

### 1.2 Einstaklingar.

1.2.1 Lög þessi gilda um:

1.2.1.1 Alla skráða félagsmenn í félögum sambandsaðila ÍSÍ án tillits til aðseturs eða staðsetningar.

1.2.1.2 Alla íþróttamenn sem eru valdir til þátttöku í íþróttakeppni fyrir hönd ÍSÍ eða félagsmanna sér sambands, félaga, liða sambanda eða deilda; einhvers sambandsaðila ÍSÍ.

1.2.1.3 Alla íþróttamenn sem ekki eru skráðir félagsmenn í félagi innan sambandsaðila ÍSÍ en taka þátt á einhvern hátt í skipulögðu starfi á vegum, sem boðað er til eða með heimild landssambands eða aðildarfélaga, liða, sambanda eða deilda; og

1.2.1.4 taka á einhvern hátt í skipulögðu starfi á þeirra vegum, sem boðað er til eða með heimild mótshaldara á landsstigi, eða landsdeildar sem er ekki tengd landssambandi. Á þetta jafnframt við um dýr sem viðkomandi íþróttamenn nota í keppni.

***Athugasemd við 1.2.1.4; þessir aðilar skulu falla undir landslyfjareglur.***

**ATH: Einnig er mögulegt hjá sumum þjóðum að láta þetta ákvæði ná til aðila sem nota aðstöðu og/eða þjónustu stjórnvalda, Lyfjaeftirlits ÍSÍ og/eða landssambands eða aðila landssambands.**

1.2.2 Íþróttamenn, þar á meðal ólögráða unglingar, undirgangast lög þessi með þátttöku sinni í íþróttum.

1.2.3 Hlutverk og ábyrgð íþróttamanna:

1.2.3.1 Að þekkja og fylgja öllum gildandi stefnum og reglum í lyfjamálum samkvæmt Alþjóðalyfjareglunum.

1.2.3.2 Að vera til taks fyrir sýnatöku;

1.2.3.3 Að bera ábyrgð á, hvað lyfjamisnotkun varðar, því sem þeir neyta og nota; og

1.2.3.4 Að upplýsa heilbrigðisstarfsmenn um skyldu þeirra að nota ekki bönnuð efni og aðferðir og að ábyrgjast að sérhver læknismeðferð sem þeir fá sé ekki í trássi við stefnur og reglur í lyfjamálum samkvæmt Alþjóðalyfjareglunum.

1.2.4 Hlutverk og ábyrgð aðstoðarfólks íþróttamanna:

1.2.4.1 Að þekkja og fylgja öllum gildandi stefnum og reglum í lyfjamálum samkvæmt Alþjóðalyfjareglunum og sem gilda um það eða íþróttamennina sem það aðstoðar;

1.2.4.2 Að vinna með lyfjaprófunaráætlun íþróttamanna; og

1.2.4.3 Að beita áhrifum sínum á lífsgildi íþróttamanna og atferli til að ala á andstöðu við lyfjamisnotkun.

1.2.5 Ef einhver telst sekur um lyfjamisnotkun, gilda viðurlög laganna. Sá sem er dæmdur samkvæmt lögum þessum lýtur þeim einnig á meðan óhlutgengi stendur án tillits til stöðu viðkomandi í sérsambandi eða íþróttasambandi. Svo lengi sem hinn dæmdi hættir ekki keppni á óhlutgengistíma, skal hann áfram sæta lyfjaeftirliti.

### Grein 2: Lyfjamisnotkun

**Athugasemd „a“ við grein 2: Tilgangur 2. greinar er að tilgreina aðstæður og framferði sem teljast brot á reglum um lyfjamisnotkun í íþróttum. Skýrslutökur í lyfjanotkunarmálum skulu byggðar á þeirri fullyrðingu að ein eða fleiri slíkar tilgreindar reglur hafi verið brotnar.**

Lyfjamisnotkun er skilgreind sem eitt eða fleiri brot á reglum um lyfjamisnotkun eins og þær eru settar fram í greinum 2.1 til 2.8 í lögnum. Íþróttamenn eða aðrir einstaklingar eru ábyrgir fyrir að vita hvað telst brot á lyfjareglum og vita hvaða efni og aðferðir eru á bannlistanum.

Eftirfarandi telst lyfjamisnotkun:

2.1 Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífvísa sem finnast í líkamssýnum.

2.1.1 Hverjum íþróttamanni er skylt að tryggja að ekkert bannað efni fari inn í líkama hans. Íþróttamenn bera ábyrgð á bönnuðu efni, niðurbrotsefni þess eða annarra lífvísa sem finnast í líkamssýnum þeirra. Samkvæmt því er ekki nauðsynlegt að sýna fram á ásetning, mistök, vanrækslu eða meðvitaða notkun íþróttamannsins til að staðfesta brot á lyfjamisnotkun samkvæmt grein 2.1.

**Athugasemd við grein 2.1.1: Vegna brota á reglum um lyfjamisnotkun hvað varðar tilvist bannaðs efnis (eða myndefnis þess eða leiðarmerkja) taka reglurnar upp ákvæðið um algera ábyrgð sem finna má í Lyfjareglum Ólympíuhreyfingarinnar "OMAD" og í yfirgnæfandi meirihluta núverandi reglna um lyfjanotkun. Samkvæmt ákvæðinu um algera ábyrgð er íþróttamaðurinn ábyrgur og brot á reglum um notkun lyfja sér stað hvenær sem bannað efni finnst í líkamssýni íþróttamanns. Brotið á sér stað hvort sem íþróttamaðurinn notaði bannaða efnið viljandi eða óviljandi eða sýndi ógætni eða sök að einhverju leyti. Ef jákvæða sýnið var tekið í lyfjaprófi í keppni, er árangur í viðkomandi keppni þegar í stað ógildur (Grein 9 (Sjálfkrafa ógilding á árangri einstaklings)). Hins vegar hefur íþróttamaðurinn þá möguleika á að sleppa við eða draga úr refsingu ef hann eða hún getur sýnt fram á að sökin var ekki hans að neinu leyti eða mestu leyti. (Grein 10.5.(Útilokun eða stytting á keppnisbanni byggt á sérstökum kringumstæðum) eða að þessar tilteknur aðstæður bættu ekki íþróttarárangur hans eða hennar) Grein 10.4 (Útilokun eða stytting á keppnisbanni vegna tiltekinna efna við tilteknar aðstæður)).**

**Ákvæðið um algera ábyrgð vegna greiningar bannaðs efnis í líkamssýni íþróttamanns, með þeim möguleika að stytta megi refsingu á grundvelli sérstakra skilyrða, veitir sanngjarnt jafnvægi milli skilvirkra aðgerða gegn lyfjanotkun með hagsmuni allra "hreinna" íþróttamanna í huga og sanngirni við þær sérstakar aðstæður þar sem bannað efni komst inn í líkama íþróttamanns að ósekju eða án ógætni af hans hálfu. Það er mikilvægt að leggja áherslu á að þótt ákvörðun um hvort regla um lyfjanotkun hafi verið brotin sé byggð á algerrri ábyrgð, fer viðkomandi ekki sjálfkrafa í keppnisbann í ákveðinn tíma. Ákvæðið um algera ábyrgð sem sett er fram í lyfjareglunum hefur ætíð verið látið gilda í ákvörðunum CAS.**

2.1.2 Fullnægjandi sönnun um brot á reglum um lyfjamisnotkun samkvæmt grein 2.1 telst eitt af eftirfarandi. Bannað efni eða niðurbrotsefni þess eða aðrir lífvísar í A-sýni íþróttamanns þar sem íþróttamaðurinn gerir ekki kröfu um B-sýni og B-sýnið er ekki greint; eða þar sem B-sýni íþróttamanns er greint og greining B-sýnisins staðfestir bannað efni eða niðurbrotsefni þess eða annan lífvísi í A-sýni íþróttamannsins.

**Athugasemd við grein 2.1.2: Lyfjaeftirlitið sem ber ábyrgð á niðurstöðunum getur ákveðið að láta greina B-sýnið þótt íþróttamaðurinn fari ekki fram á greiningu B-sýnisins.**

2.1.3 Að frátöldum þeim efnum þar sem magnmörk eru tiltekin á bannlistanum, skal greind tilvist bannaðs efnis í einhverju magni, eða niðurbrotsefni þess eða annarra lífvísa í sýni íþróttamanns teljast brot á reglum um lyfjamisnotkun.

2.1.4 Sem undanþága á almennri reglu greinar 2.1, má bannlistinn eða alþjóðlegar reglur setja fram sérstök ákvæði um mat bannaðra efna sem geta orðið til í líkamanum.

2.2 Notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða aðferð.

**Athugasemd við grein 2.2: Það hefur alltaf verið svo að notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð er hægt að staðfesta með traustum aðferðum. Eins og fram kemur í athugasemd við grein 3.2 (Aðferðir til að staðfesta staðreyndir og tilgátur), að ólíkt þeirri sönnun**

*sem þarf til að staðfesta brot á lyfjareglum samkvæmt grein 2.1, má staðfesta notkun eða tilraun til notkunar með öðrum traustum aðferðum, svo sem viðurkenningu íþróttamanns, framburði vitna, skráðum sönnunum, ályktunum eftir langsníðsmælingar eða með öðrum upplýsingum sem uppfylla á annan hátt ekki allar kröfur sem þarf til að staðfesta tilvist bannaðs efnis samkvæmt grein 2.1.*

*Dæmi: Notkun má staðfesta með traustum niðurstöðum greiningar á A-sýni (án staðfestingar með B-sýni) eða með greiningu á B-sýni einu sér þar sem lyfjaeftirlitið veitir fullnægjandi skýringu á skorti á staðfestingu í hinu sýninu.*

2.2.1 Hverjum íþróttamanni er skylt að tryggja að ekkert bannað efni fari inn í líkama hans. Samkvæmt því er ekki nauðsynlegt að sýna fram á ásetning, mistök, vanrækslu eða meðvitaða notkun íþróttamannsins til að staðfesta brot á reglum um notkun bannaðs efnis eða aðferðar.

2.2.2 Heppnuð eða misheppnuð notkun bannaðs efnis eða aðferðar skiptir ekki máli. Það nægir að bannaða efnið eða aðferðin var notuð eða reynt að nota hana til að brjóta reglur um lyfjamisnotkun.

*Athugasemd við grein 2.2.2: Að sýna fram á „tilraun til notkunar“ á bönnuðu efni krefst sönnunar um ásetning íþróttamannsins. Sú staðreynd að ásetning þarf til að sanna þetta tiltekna brot á reglum um lyfjanotkun rýrir ekki meginregluna um algera ábyrgð hvað varðar brot á grein 2.1og brot á grein 2.2 um notkun bannaðs efnis eða bannaðrar aðferðar.*

*Notkun íþróttamanns á bönnuðu efni telst brot á lyfjareglum nema viðkomandi efni sé ekki bannað utan keppni og notkun íþróttamannsins á því fari fram utan keppni. (En tilvist bannaðs efnis eða myndefna þess eða leiðarmerkja í sýni sem er tekið í keppni er brot á grein 2.1 (Tilvist bannaðs efnis eða myndefnis þess eða leiðarmerkja) án tillits til þess hvenær viðkomandi efnis var neytt.)*

2.3 Að neita eða láta hjá líða, án óyggjandi réttlætningar, að mæta til sýnistöku eftir boðun eins og heimilað er í viðeigandi reglum eða á annan hátt komast hjá að veita sýni.

*Athugasemd: Að láta hjá líða eða neita að mæta til sýnistöku eftir boðun var bannað í nær öllum núverandi reglum um lyfjamisnotkun. Þessi grein útvíkkar hina dæmigerðu reglu að innifela „eða á annan hátt komast hjá að veita sýni“ sem bannað framferði. Þannig væri það til dæmis brot á reglum um lyfjanotkun ef sýnt væri fram á að íþróttamaður feldi sig fyrir lyfjaeftirlitsmanni sem reyndi að láta fara fram lyfjapróf. Brot á „Að neita eða láta hjá líða, án óyggjandi réttlætningar, að mæta til sýnistöku“ má byggja á annað hvort ásetningi íþróttamanns eða hirðuleysi en að „fordast“ sýnisveitingu telst ásetningur af hálfu íþróttamanns.*

2.4 Brot á gildandi kröfum hvað varðar aðgengi íþróttamanns til prófana utan keppni ná einnig til vanrækslu á því að veita tilskildar upplýsingar um dvalarstað samkvæmt grein 11.3 í Alþjóðlegu reglunum um lyfjapróf og missi af prófum sem eru tilkynnt samkvæmt grein 11.4 í sömu reglum. Missi íþróttamaður af þremur prófum og/eða tilkynnir ekki dvalarstað sinn á átján mánaða tímabili samkvæmt ákvörðun Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, telst það brot á reglum um lyfjamisnotkun.

*Athugasemd við grein 2.4: Vanræksla á tilkynningu um dvalarstað og tilkynnt skróp í prófum samkvæmt lögum þessum eða einhvers lyfjaeftirlits með vald til að tilkynna vanrækslu um tilkynningu um dvalarstað og skróp í prófum í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf, skulu sameinast í þessari grein. Við ákveðnar aðstæður getur skróp í prófum eða vanræksla um tilkynningu á dvalarstað einnig talist brot á lyfjareglum samkvæmt grein 2.3 eða grein 2.5.*

2.5 Fölsun eða tilraun til fölsunar við einhvern þátt lyfjaeftirlits.

*Athugasemd við grein 2.5: Þessi grein bannar framferði sem grefur undan lyfjaeftirliti en er ekki að öðru leyti lýst í skilgreiningu á bönnuðum aðferðum. Til dæmis, að breyta kennitölum á lyfjaeftirlitseyðublaðivið prófun eða brjóta B-flöskuna við greiningu á B-sýni eða gefa villandi upplýsingar til lyfjaeftirlitsins.*

2.6 Varsla á bönnuðum efnum og aðferðum.

2.6.1 Varsla íþróttamanns á keppnistíma á bannaðri aðferð eða efni, eða varslaíþróttamanns utan keppnistíma á bannaðri aðferð eða efni sem er bannað utan keppni, nema íþróttamaðurinn sýni fram á að varslan sé samkvæmt undanþágu um notkun til lækningar sem íþróttamanni var veitt í samræmi við grein 4.4 (Notkun til lækninga) eða gefur aðra ásættanlega skýringu.

2.6.2 Varsla aðstoðarfólks íþróttamanns í keppni á bannaðri aðferð eða efni eða varsla aðstoðarfólks íþróttamanns utan keppni á bannaðri aðferð eða efni sem er bannað utan keppni í tengslum við íþróttamann, keppni eða þjálfun nema viðkomandi aðstoðarfólk staðfesti að varslan sé samkvæmt undanþágu veittri íþróttamanni í samræmi við grein 4.4 (Notkun til lækninga) eða veitir aðra ásættanlega skýringu.

**Athugasemd við grein 2.6.1 og 2.6.2: Ásættanleg skýring er til dæmis ekki sú að kaupa eða eiga bannað efni til þess að gefa það vini eða ættingja, nema við réttlætanlegar heilsuáðstæður þar sem viðkomandi einstaklingur hafði lyfseðil frá lækni, t.d. til að kaupa insulín fyrir sykursjúkt barn.**

**Athugasemd við grein 2.6.2: Ásættanleg skýring er til dæmis sú að liðslæknir hafi undir höndum bannað efni til notkunar í bráða- eða neyðartilvikum.**

2.7 Viðskipti eða tilraun til viðskipta með bannað efni eða aðferð.

2.8 Gjöf eða tilraun til að gefa íþróttamanni í keppni bannað efni eða beita bannaðri aðferð, eða gjöf eða tilraun til að gefa íþróttamanni utan keppni bannað efni eða aðferð sem er bönnuð utan keppni, eða aðstoð, hvatning, hjálp, stuðningur, yfirhýlming eða annars konar samsekt sem felur í sér brot á reglum um lyfjamisnotkun eða tilraun til lyfjamisnotkunar.

**Athugasemd „b“ við grein 2: Alþjóðalyfjareglurnar gera það ekki að broti á lyfjareglum fyrir íþróttamann eða annan einstakling að vinna með eða aðstoða aðstoðarfólk íþróttamanns sem tekur út bann. Þó getur íþróttasamband sett sínar eigin reglur sem banna slíkt framferði.**

### Grein 3: Sönnun um lyfjamisnotkun

#### 3.1 Sönnunarbyrði og viðmið.

Við meðferð mála er Lyfjaráð ÍSÍ höfðar fyrir Dómstóli ÍSÍ vegna brota á lögum þessum ber ráðinu að færa sönnur á að um brot hafi verið að ræða og skulu sönnunarkröfur vera strangari en samkvæmt almennum sönnunarreglum einkamála, en þó ekki svo að allur vafi komi ákærða til góða. Ef sönnunarbyrði hvílir á ákærða samkvæmt lagaákvæðum ÍSÍ um lyfjamál gilda almennar sönnunarreglur einkamála nema í þeim tilfellum sem um getur í greinum 10.4 og 10.6 þar sem íþróttamaðurinn verður að færa frekari sönnur á mál sitt. Að öðru leyti má færa sönnur á staðreyndir mála með öllum áreiðanlegum aðferðum.

***Athugasemd við grein 3.1: Þetta sönnunarviðmið sem lyfjaeftirlitið verður að uppfylla er sambærilegt við viðmið í flestum löndum í málum sem varða misferli í starfi. Það hefur líka viðá verið tekið upp hjá dómstólum og rannsóknarnefndum í lyfjamálum. Sjá til dæmis úrskurð CAS í N., J., Y., W. v. FINA, CAS 98/208, 22. desember 1998.***

#### 3.2 Aðferðir við staðfestingu staðreynda og ályktana.

Staðreyndir sem tengjast brotum á reglum um lyfjamisnotkun má færa sönnur á með sérhverjum áreiðanlegum hætti, þar á meðal játningu. Eftirfarandi reglur um sönnun gilda í lyfjamálum.

***Athugasemd við grein 3.2: Dæmi: Lyfjaeftirlitið gæti staðfest brot á lyfjareglum skv. grein 2.2 (Notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð) á grundvelli játningar íþróttamanns, trúverðugum vitnisburði þriðju aðila, traustum gögnum, traustum greiningarniðurstöðum úr A eða B sýni skv. athugasemdum við grein 2.2 eða ályktunum dregnum af niðurstöðum úr blóð- eða þvagsýnum íþróttamanns.***

3.2.1 Rannsóknarstofur samþykktar af Alþjóðalyfjaeftirlitinu (WADA) skulu hafa greint sýnið og varðveitt það samkvæmt Alþjóðlegum staðli um rannsóknarstofur. Íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur má mótmæla þessari niðurstöðu með staðfestingu á að vikið hafi verið frá Alþjóðlegum staðli um rannsóknarstofur sem gæti hafa valdið röngum niðurstöðum greiningar.

Ef íþróttamaðurinn dregur í efa niðurstöðu með því að sýna fram á að vikið hafi verið frá Alþjóðlegum staðli um rannsóknarstofur sem gæti hafa valdið röngum greiningarniðurstöðum, skal Lyfjaráð ÍSÍ sýna fram á að viðkomandi frávík hafi ekki haft áhrif á grunsamlegar niðurstöður.

***Athugasemd við grein 3.2.1: Sú byrði hvílir á íþróttamanninum að staðfesta með yfirgnæfandi sönnunum, frávík frá alþjóðlegu rannsóknarstofureglunum sem gæti hafa leitt til rangrar greiningarniðurstöðu.. Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur gerir það þá færast sú byrði yfir á lyfjaeftirlit að sanna svo að rannsóknarnefnd þyki fullnægjandi að frávikið hafi ekki breytt niðurstöðum prófsins.***

3.2.2 Frávík frá Alþjóðlegum viðmiðum um lyfjapróf eða öðrum lyfjareglum, sem leiddi ekki til rangra greiningarniðurstaðna eða annarar lyfjamisnotkunar, skal ekki ógilda slíkar niðurstöður. Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sýnir fram á að frávík frá Alþjóðlegu viðmiðunum eða öðrum lyfjareglum, sem gætu með réttu hafa valdið röngum greiningarniðurstöðum eða að önnur lyfjamisnotkun hafi átt sér stað, þá ber Lyfjaráði ÍSÍ að sýna fram á að viðkomandi frávík hafi ekki haft áhrif á niðurstöðurnar eða þá staðreynd að brot á reglum um lyfjamisnotkun hafi átt sér stað.

3.2.3 Staðreyndir tilgreindar í niðurstöðu dómstóls eða þar til bærrar aganefndar sem ekki verður áfrýjað telst óhrekjanleg sönnun gegn íþróttamanni eða öðrum einstaklingi nema íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sýni fram á að úrskurðurinn brjóti gegn meginreglum um eðlilegt réttarfar.

3.2.4 Neiti íþróttamaður eða annar einstaklingur að gefa skýrslu eða mæta fyrir rannsóknarnefnd eða (Skiptir ekki máli hvort rannsóknarnefndin sé á vegum lyfjaeftirlits ÍSÍ eða Dómstóls ÍSÍ og hvort að viðkomandi sé beðinn að mæta í eigin persónu eða viðtalið fari fram í síma) þrátt fyrir að hafa verið boðaður með hæfilegum fyrirvara getur það leitt til þess að hann telst hafa brotið gegn lögum þessum.

***Athugasemd við grein 3.2.4: Önnur niðurstaða við þessar aðstæður hefur verið viðurkennd í mörgum úrskurðum CAS.***

## Grein 4: Bannlistinn

### 4.1 Upptaka bannlistans.

4.1.1 Þessi lög eru í samræmi við bannlistann sem er gefinn út og endurskoðaður af Alþjóðalyfjaeftirlitinu eins og nánar er kveðið á um í grein 4.1 í Alþjóðalyfjareglunum. Lyfjaráð ÍSÍ birtir sérsamböndum ÍSÍ gildandi bannlista og sérsamböndunum ber að sjá til þess að gildandi bannlisti sé aðgengilegur félagsmönnum sínum og sambandsaðilum.

**Athugasemd við grein 4.1: Bannlistinn verður endurskoðaður og birtur í snatri þegar þörf krefur. Hins vegar, vegna áreiðanleika, skal birta nýjan lista á hverju ári hvort sem breytingar hafa verið gerðar eða ekki. WADA ætíð hafa nýjasta bannlistann á vefsíðu sinni. Bannlistinn er mikilvægur þáttur í starfi Alþjóðalyfjaeftirlitsins.**

### 4.2 Bönnuð efni og aðferðir samkvæmt bannlista.

#### 4.2.1 Bönnuð efni og aðferðir.

Ef annað er ekki tekið fram í bannlistanum og/eða breytingu á honum, skal bannlistinn með áorðnum breytingum taka gildi samkvæmt þessum lögum þremur mánuðum eftir birtingu hans af hálfu Alþjóðalyfjaeftirlitsins án frekari aðgerða af hálfu Lyfjaráðs ÍSÍ.

**Athugasemd við grein 4.2.1: Það verður einn bannlisti. Efnin sem eru ætíð bönnuð eru einnig feluefni og efni sem hafa langtímaáhrif á árangur þegar þau eru notuð við æfingar, s.s. anabólísk efni. Öll efni og aðferðir á bannlista eru bönnuð í keppni. Notkun utan keppni (grein 2.2) á efni sem er aðeins bannað í keppni, er ekki brot á lyfjareglum nema efnið eða myndefni þess finnist í sýni sem er tekið í keppni (grein 2.1.).**

**Það verður aðeins eitt skjal sem nefnist "bannlistinn." Alþjóðalyfjaeftirlitið má bæta við efnum og aðferðum á bannlistann fyrir ákveðnar íþróttgreinar (t.d. betatálmum fyrir skotfimi) en það endurspeglast einnig á bannlistanum sjálfum. Einstaka íþróttgreinum er óheimilt að sækja um undanþágu frá grunnlistanum yfir bönnuð efni (t.d. að útiloka anabólísk efni á bannlista fyrir "hugaríþóttir.") Forsenda þessarar ákvörðunar er að til eru ákveðin efni sem allir sem kalla sig íþróttamenn ættu ekki að taka.)**

#### 4.2.2 Sérstaklega tilgreind efni.

Vegna beitingu greinar 10 (Viðurlög) skulu öll bönnuð efni teljast sérstaklega tilgreind efni, nema: (a) efni sem flokkast undir vefaukandi efni (S1) og hormón og skyld efni (S2); og (b) örvandi efni (S6.a) og hormóna hvatar og stilliefni (S4.4) eins og þau eru tilgreind á bannlistanum. Bannaðar aðferðir skulu ekki vera sérstaklega tilgreind efni.

**Athugasemd við grein 4.2.2. Við gerð Alþjóðalyfjareglanna ræddu hagsmunaaðilar í þaula um viðeigandi jafnvægi milli ósveigjanlegra viðurlaga sem stuðla að samræmi í beitingu reglnanna og sveigjanlegra viðurlaga sem taka meira tillit til aðstæðna í hverju tilfalli. Þetta jafnvægi var áfram til umræðu í ýmsum úrskurðum CAS þar sem reglurnar voru túlkaðar. Eftir þriggja ára reynslu af reglunum er um það mikill einhugur hjá hagsmunaaðilum að brot á lyfjareglu samkvæmt greinum 2.1 (Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífvísna sem finnast í líkamssýnum) og 2.2 (Notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða aðferð) skuli enn byggjast á meginreglunni um óskoraða ábyrgð, þá skuli viðurlög reglnanna vera sveigjanlegri þar sem íþróttamaður eða annar aðili getur sýnt fram á að hann eða hún ætlaði sér ekki að bæta frammistöðu í íþróttum. Breytingar á grein 4.2 og tengdar breytingar við grein 10 veita aukinn sveigjanleika varðandi brot sem tengjast mörgum bönnuðum efnum. Reglurnar sem settar eru fram í grein 10.5 (Undanþága eða stytting á tímabili óhlutgengis vegna sérstakra aðstæðna.) yrðu áfram eini grunnurinn fyrir undanþágu eða mildun viðurlaga vegna anabólískra stera og hormóna, sem og örvandi efna og hormónamótefna og dyljandi efna á bannlistanum eða lista yfir bannaðar aðferðir.**

#### 4.2.3 Nýir flokkar bannaðra efna.

Ef Alþjóðalyfjaeftirlitið gerir breytingar á bannlistanum með því að bæta við nýjum flokki bannaðra efna í samræmi við grein 4.1 í Alþjóðalyfjareglunum, skal framkvæmdaráð Alþjóðalyfjaeftirlitsins ákveða hvort eitthvað eða öll efnin í nýjum flokki bannaðra efna skuli teljast sérstaklega tilgreind efni samkvæmt grein 4.2.2.

### 4.3 Skilyrði fyrir skráningu efna og aðferða á bannlistann.

Samkvæmt reglu 4.3.3 í Alþjóðalyfjareglunum skal úrskurður Alþjóðalyfjaeftirlitsins um bönnuð efni og aðferðir sem verða skráð á bannlistann og flokkun efna á bannlista, vera endanlegur og verður ekki véfengdur af hálfu íþróttamanns eða einstaklings með þeim rökum að efnið eða aðferðin var ekki feluefni eða hafði burði til að bæta árangur, stofnaði heilsu í hættu eða stríddi gegn íþróttandaðnum.

***Athugasemd við grein 4.3: Spurningin hvort efni uppfylli skilyrðin í grein 4.3 (Skilyrði fyrir skráningu efna og aðferða á bannlistann) í einstöku tilfalli telst ekki tæk vörn í broti á reglum um lyfjanotkun. Til dæmis er ekki hægt að staðhæfa að bannað efnið sem greindist hefði ekki bætt árangur í viðkomandi íþrótt. Öllu heldur, notkun á sér stað þegar efni á bannlista finnst í líkamssýni íþróttamanns. Ekki er heldur hægt að fullyrða að efni sem skráð er í flokk anabólískra efna eigi ekki heima í þeim flokki.***

#### 4.4 Undanþágur frá bannlista

4.4.1 Íþróttamenn með læknisfræðilega staðfesta sjúkdóma sem krefjast notkunar á bönnuðu efni eða aðferð geta farið fram á undanþágu vegna notkunarinnar. Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefna þess eða annarra lífvísa (grein 2.1), Notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða aðferð (grein 2.2), Varsla á bönnuðum efnum og aðferðum (grein 2.6) eða gjöf eða tilraun til gjafar á bönnuðu efni eða aðferð (grein 2.8) í samræmi við ákvæði um gildandi undanþágu um notkun í lækningaskyni sem er veitt samkvæmt Alþjóðareglum um notkun í lækningaskyni telst ekki brot á reglum um lyfjamisnotkun.

4.4.2 Sækja ber um undanþágu frá bannlista eins fljótt og auðið er (fyrir íþróttamann í skráðum lyfjaprófunarhópi væri það þegar viðkomandi er tilkynnt um að hann hafi verið valinn í slíkan hóp) í öllu falli (nema um neyðartilfalli sé að ræða) ekki seinna en 30 dögum fyrir þátttöku í viðburði. Undanþágur sem Lyfjaráð ÍSÍ gefur út skal tilkynna til sérsambands íþróttamannsins. Undanþágur sem Lyfjaráð ÍSÍ veitir íþróttamönnum í skráðum lyfjaprófunarhópi eða íþróttamönnum sem keppa á alþjóðlegum mótum ber að tilkynna til viðkomandi Alþjóðasambands, sé heimild í reglum viðkomandi sambands um að ÍSÍ sé leyfilegt að veita undanþágur til íþróttamanna á alþjóðlegu keppnisstigi. Einnig bera að tilkynna WADA um veitingu undanþágunnar með tilkynningu í ADAMS.

4.4.3 Undanþágur vegna lækninga sem Undanþágunefnd Lyfjaráðs ÍSÍ veitir, skulu tilkynntar sérsambandi íþróttamannsins og Alþjóðalyfjaeftirlitinu. Aðrir íþróttamenn sem verða prófaðir og þurfa að nota bannað efni eða bannaða aðferð í lækningaskyni, verða að fá undanþágu frá Undanþágunefnd Lyfjaráðs ÍSÍ eða öðrum aðila sem sérsamband þeirra tilgreinir, eins og krafist er samkvæmt reglum Lyfjaráðs ÍSÍ/annars aðila. Sérsambönd skulu tafarlaust tilkynna slíkar undanþágur til Lyfjaráðs ÍSÍ og Alþjóðalyfjaeftirlitsins.

4.4.4 Lyfjaráð ÍSÍ skal tilnefna nefnd sérfræðinga til að fara yfir umsóknir um undanþágur (Undanþágunefnd). Við móttöku Lyfjaráðs ÍSÍ á umsóknum um undanþágur ber formanni Undanþágunefndar að tilnefna einn eða fleiri aðila úr nefndinni til að fara yfir umsóknina. Þessum nefndarmönnum ber að yfirfara umsóknina tafarlaust í samræmi við Alþjóðlegar reglur fyrir veitingu undanþágna og úrskurða um undanþágubeiðnina, sem verður endanleg niðurstaða Lyfjaráðs ÍSÍ.

4.4.5 Alþjóðalyfjaeftirlitið getur samkvæmt beiðni íþróttamanns eða að eigin frumkvæði, yfirfarið alla úrskurði um samþykki eða höfnun undanþágubeiðna á vegum Undanþágunefndar ÍSÍ. Úrskurði Alþjóðalyfjaeftirlitið að samþykki eða höfnun undanþágubeiðni samrýmist ekki þeim alþjóðlegum reglum um veitingu undanþágna sem í gildi eru getur Alþjóðalyfjaeftirlitið hnekkst viðkomandi úrskurði. Ákvörðunum um undanþágur er hægt að áfrýja samkvæmt grein 13.

## Grein 5: Lyfjaeftirlit

### 5.1 Heimild til prófunar

Allir íþróttamenn undir lögsögu sérsambands skulu sæta lyfjaeftirliti í keppni á vegum sérsambands viðkomandi íþróttamanna, alþjóðasérsambands íþróttamannsins, Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ og þess lyfjaeftirlits sem ber ábyrgð á eftirliti í keppni eða á móti sem þeir taka þátt í. Allir íþróttamenn undir lögsögu sérsambands, einnig þeir sem taka út óhlutgengi eða bráðabirgðabann, skulu einnig sæta lyfjaeftirliti utan keppni hvenær og hvar sem er, með eða án fyrirvara, af hálfu Alþjóðalyfjaeftirlitsins, sérsambandi þeirra, Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, lyfjaeftirliti þess lands þar sem íþróttamaðurinn hefur ríkisfang, búsetu, er leyfishafi eða meðlimur íþróttafélaga, Alþjóðaólympíunefndarinnar á ÓL, og Alþjóða Ólympíuhreyfingu fatlaðra á Ólympíumóti fatlaðra. Afmörkuð prófun hefur forgang.

Íþróttamönnum ber að hlíta beiðni um lyfjapróf frá lyfjaeftirliti sem hefur prófunarvald yfir viðkomandi.

### 5.2 Áætlun um dreifingu prófa

Í samvinnu við önnur lyfjaeftirlit sem sjá um prófun á sömu íþróttamönnum, og í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf, skal Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ:

5.2.1 Skipuleggja og sjá um skilvirkan fjölda lyfjaprófa í keppni og utan á íþróttamönnum í lögsögu sinni, þar á meðal en takmarkast ekki við íþróttamenn í skráðum lyfjaprófunarhóp.

5.2.2 Öll lyfjapróf utan keppni skulu vera án fyrirvara, nema um sérstakar aðstæður sé að ræða.

5.2.3 Hafa markvissa prófun í forgangi.

5.2.4 *Prófa íþróttamenn í keppnisbanni eða bráðabirgðabanni.*

***Athugasemd við grein 5.2.3: Markviss prófun er sértæk því slembiprófun eða vegin slembiprófun tryggir ekki að allir viðkomandi íþróttamenn verði prófaðir (þ.e. íþróttamenn á heimsvísu, íþróttamenn sem hafa bætt árangur sinn mikið á skömmum tíma, íþróttamenn sem hafa þjálfara sem hafa þjálfað íþróttamenn sem féllu á lyfjaprófi. o.s.frv.) Augljóslega má ekki nota markvissa prófun í neinum öðrum tilgangi en lögmætu lyfjaeftirliti. Lyfjareglurnar kveða skýrt á um að íþróttamenn hafa engan rétt til að vænta þess að vera prófaðir eingöngu með slembiaðferð. Á sama hátt felst ekki í því grunur eða ástæða að gangast undir markvissa prófun.***

### 5.3 Reglur um lyfjapróf.

Lyfjapróf á vegum Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ skulu í aðalatriðum vera í samræmi við gildandi Alþjóðlegar reglur um lyfjapróf.

5.3.1 Blóðsýni (eða annar vökvi en þvag) má nota til að greina bönnuð efni eða aðferðir, við skimun, eða fyrir langsníðsblóðmagnsmynd („vegabréfið“). Ef sýni er tekið eingöngu til skimunar, hefur það engar afleiðingar fyrir íþróttamanninn aðrar en að auðkenna hann/hana fyrir þvagprófun samkvæmt þessum lögum. Við þessar kringumstæður getur Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ ákveðið hvaða blóðbreytur verða mældar í skimunarsýninu og hvaða breytustig verða notuð til að tilgreina að íþróttamaðurinn verði valinn fyrir þvagprófun. Ef sýnið er tekið eingöngu fyrir langsníðsblóðmagnsmynd („vegabréfið“) má nota það í þágu lyfjaeftirlits í samræmi við grein 2.2 í Alþjóðalyfjareglunum.

### 5.4 Samræmd prófun

#### 5.4.1 Lyfjapróf á mótum

Sýnataka fyrir lyfjaeftirlit skal fara fram á alþjóðamótum og landsmótum. Aðeins eitt lyfjaeftirlit ber ábyrgð á umsjón og framkvæmd prófa á mótstíma, að því frátöldu sem fram kemur hér að neðan. Á alþjóðamótum skal sýnataka vera að frumkvæði og undir stjórn lyfjaeftirlits viðkomandi alþjóðasambanda sem ráða yfir mótinu. Á alþjóðamótum skal sýnataka vera að frumkvæði og í umsjón þess alþjóðasambands sem er æðstráðandi yfir mótinu (þ.e. alþjóðaólympíunefndin á Ólympíuleikunum, alþjóðasamband fyrir heimsmeistarakeppni, Suður-Ameríkusambandið fyrir Suður-Ameríkuleikana, o.s.frv.) Í keppnum á landsvísu er sýnataka að frumkvæði og í umsjón lyfjaeftirlits viðkomandi lands.

5.4.1.1 Ef Lyfjaeftirlit ÍSÍ æskir þess að gera frekari prófun á íþróttamönnum á móti þar sem það ber ekki ábyrgð á framkvæmd og umsjón með prófun á mótstíma, skal Lyfjaeftirlit ÍSÍ fyrst ráðgast við æðstráðanda

mótsins til að fá heimild til að sjá um og samræma frekari lyfjapróf. Ef Lyfjaeftirlit ÍSÍ er ekki sátt við viðbrögð æðstráðanda mótsins er Lyfjaeftirlitinu heimilt að sækja um leyfi WADA til að framkvæma slík viðbótarpróf og að ákveða hvernig slík próf skuli fara fram.

***Athugasemd við grein 5.4.1.1 Lyfjaeftirlitið sem "á frumkvæði að og hefur umsjón með lyfjaprófunum" má, ef vill, gera samning við önnur eftirlit sem það felur ábyrgð á sýnatöku eða öðrum þáttum lyfjaeftirlitsins.***

### 5.4.2 Prófun utan keppni

Prófun utan keppni er að frumkvæði og í umsjón bæði alþjóðasambanda og landssambanda. Prófun utan keppni má vera að frumkvæði og í umsjón: (a) WADA; (b) Alþjóða-Ólympíunefndarinnar eða Ólympíuráðs fatlaðra í tengslum við Ólympíuleika eða Ólympíuleika fatlaðra; (c) Lyfjaeftirlits ÍSÍ eða sérsambanda; eða (d) annarra lyfjaeftirlita sem hafa prófunarlögsögu yfir íþróttamanninum eins og kveðið er á um í grein 5.1 (Heimild til prófunar) Prófun utan keppni skal framkvæmd gegnum ADAMS þar sem það er gerlegt til að hámarka skilvirkni prófanna og til að forðast óþarfa endurtekningu á prófum einstakra íþróttamanna.

***Athugasemd við grein 5.4.2: Aukið vald til prófunar má veita með tvíhliða eða fjöhlíða samningi milli undirritunaraðila og ríkisstjórna.***

### 5.5 Upplýsingar um dvalarstað.

5.5.1 Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ skipar einstaklinga í skráðan lyfjaprófunarhóp íþróttamanna sem verða að uppfylla tilkynningakröfur Alþjóðareglna um lyfjapróf. Birta skal skilyrðin fyrir íþróttamenn í lyfjaprófunarhópnum ásamt lista yfir þá íþróttamenn sem uppfylla þessi skilyrði fyrir viðkomandi tímabil. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ yfirfer og uppfærir skilyrðin fyrir íþróttamenn í lyfjaprófunarhópnum eftir þörfum og skal endurskoða aðild að skráðum prófunarhóp eins og við á hverju sinni í samræmi við skilyrðin. Sérhver íþróttamaður í skráðum prófunarhóp skal (a) upplýsa Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ um dvalarstað sinn á hverjum ársfjórðungi samkvæmt ákvæðum greinar 11.3 í Alþjóðareglum um lyfjapróf; (b) uppfæra þessar upplýsingar eins og þörf krefur í samræmi við grein 11.4.2 í Alþjóðareglum um lyfjapróf svo þær séu ávallt nákvæmar og ítarlegar; og (c) vera tiltækur fyrir lyfjapróf á dvalarstað sínum í samræmi við grein 11.4 í Alþjóðareglum um lyfjapróf.

***Athugasemd við grein 5.5.1: Tilgangur lyfjaprófunarhóps ÍSÍ er að tilgreina bestu íþróttamenn landsins sem lyfjaeftirlitið þarf upplýsingar um til að greiða fyrir prófun utan keppni á vegum Lyfjaeftirlits ÍSÍ og annarra eftirlita sem hafa lögsögu yfir íþróttamönnum. Lyfjaeftirlit ÍSÍ mun tilgreina þessa íþróttamenn í samræmi við ákvæði greinar 4 og 11.2 í alþjóðlegum reglum um lyfjapróf.***

***Dæmi um skilyrði sem hægt er að nota ein og sér eða saman eru:***

***(Allir verðlaunahafar) (liðsmenn liðs í verðlaunasæti) frá síðustu (1) (2) (heimsmeistaramótum) (álfumótum) (Ólympíuleikum) (efstu 10) (efstu 20) íþróttamenn í hverri grein eða (efstu 50) á heimslista eða heimsbikarkeppni.***

***Sérhver íþróttamaður með árangur (tími eða vegalengd) sem er betri eða jafngild fimmtugasta besta árangri í keppni á fyrra keppnisári.***

***Öll landssambönd skulu tilkynna Lyfjaeftirliti ÍSÍ um árangur, nöfn og heimilisföng íþróttamanna sem með árangri sínum uppfylla skilyrði um lyfjaprófunarhóp sem Lyfjaeftirlit ÍSÍ setur.***

5.5.2 Ef ípróttamaður upplýsir Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ ekki um dvalarstað sinn telst það brot á tilkynningaskyldu samkvæmt grein 2.4 þar sem skilyrði greinar 11.3.5 um Alþjóðareglur um lyfjapróf eru uppfylltar.

5.5.3 Ef ípróttamaður er ekki tiltækur fyrir lyfjapróf á tilkynntum dvalarstað sínum telst hann hafa misst af prófinu samkvæmt ákvæðum greinar 2.4 þar sem skilyrði greinar 11.3.4 um Alþjóðareglur um lyfjapróf eru uppfylltar.

5.5.4 Öll sérsambönd skulu aðstoða lyfjæftirlit ÍSÍ við að koma á skráðum lyfjaprófunarhópi á landsvísu með fremstu ípróttamönnum landsins þar sem tilkynningaskylda Alþjóðlegra reglna um lyfjapróf gildir. Þar sem viðkomandi ípróttamenn eru einnig í skráðum lyfjaprófunarhóps alþjóðasambands, koma alþjóðasambandið og lyfjaráð ÍSÍ sér saman um (með aðstoð Alþjóðalyfjæftirlitsins ef þörf krefur) hvort þeirra beri ábyrgð á að fá upplýsingar um aðsetur frá ípróttamanninum og deila þeim með hinu (og með öðrum lyfjæftirlitum) í samræmi við grein 5.5.5.

5.5.5 Upplýsingum um dvalarstað samkvæmt greinum 5.5.1 og 5.5.4 skal deilt með Alþjóðalyfjæftirlitinu og öðrum lyfjæftirlitum sem hafa lagaheimild til að prófa ípróttamann samkvæmt grein 11.7,1 (d) og 11.7.3 (d) í Alþjóðareglum um lyfjapróf, með þeim skilyrðum að fullur trúnaður ríki ætíð um þær, þær séu eingöngu notaðar til að skipuleggja, samræma eða framkvæma lyfjapróf og sé eytt þegar þær þjóna ekki tilgangi.

5.6 Keppni hætt og snúið aftur til keppni.

5.6.1 Ípróttamaður sem Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ hefur sett í skráðan lyfjaprófunarhóp skal áfram hlíta lögnum og upplýsa um dvalarstað sinn þar til hann hefur tilkynnt Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ skriflega að hann/hún hafi hætt keppni eða uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir skráningu í prófunarhópinn og hafi fengið upplýsingar þar að lútandi hjá Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ.

5.6.2 Ípróttamaður sem hefur tilkynnt Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ að hann sé hættur keppni má ekki snúa aftur til keppni nema hann/hún tilkynni Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ það með minnst sex mánaða fyrirvara og sé tiltækur fyrir fyrirvaralausá prófun utan keppni, og upplýsi einnig, sé þess krafist, um dvalarstað sinn á tímabilinu áður en hann/hún hefur formlega keppni á ný.

5.6.3 Sérsambönd mega setja álíka kröfur fyrir ípróttamenn úr sínum röðum í skráðum lyfjaprófunarhópi sem hætta keppni og snúa aftur til keppni fyrir ípróttamenn í skráðum lyfjaprófunarhóp.

5.7 Val ípróttamanna til prófunar

5.7.1 Á mótum á landsstigi skal Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ í samvinnu við landssamböndin (þar sem því verður við komið) ákveða fjölda ípróttamanna í verðlaunasætum sem verða prófaðir, slembipróf og markviss próf.

**Dæmi:**

**Kostur 1: Eftirfarandi ípróttamenn skulu prófaðir í hverri keppni á landsmóti.**

**Kostur 1: 5.7.1.1. (Einstaklingsgreinar). Allir sem lenda í einu af þremur/fjórum efstu sætunum í (slembi) (val) (markviss) (greinar) (allar greinar) í keppninni, ásamt einum ípróttamanni í keppninni sem valinn er með slembiaðferð.**

**Kostur 2: 5.7.1.1. (Liðaiþróttir eða aðrar greinar þar sem lið eru verðlaunuð) (Einn) (Tveir) ípróttamenn valdir af handahófi úr (þremur)(fjórum) efstu liðunum, ásamt (einum ípróttamanni sem valinn er af handahófi úr slembivöldu liði sem er ekki meðal þriggja efstu.) (einum ípróttamanni völdum af handahófi úr hverju hinna liðanna í keppninni.)**

5.7.1.2 Kostur 1: Ípróttamaður sem setur eða bætir heimsmet.

**Kostur 2: Lyfjæftirlit ÍSÍ í samvinnu við landssamböndin (þar sem því verður við komið) ákveður ákveðinn fjölda ípróttamanna sem eru ekki endilega tengdir efstu sætunum til að hámarka fjölbreytni prófaðra ípróttamanna eða á grundvelli upplýsinga frá fræðslustöð Alþjóðalyfjæftirlitsins í fyrri prófum.**

5.7.2 Ásamt valreglunum sem lýst er í grein 5.7.1 á mótum á landsstigi, er Lyfjaeftirliti ÍSÍ í samvinnu við sérsambönd (þar sem því verður við komið) einnig heimilt að velja íþróttamenn eða lið fyrir markvissa prófun svo fremi að slík prófun sé ekki notuð í öðrum tilgangi en til lögmæts lyfjaeftirlits.

5.7.3. Lyfjaeftirlitsnefnd velur íþróttamenn til prófunar utan keppni og/eða sérsambönd með ferli sem er að mestu í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf.

5.8 Óháð eftirlit.

Sérsambönd og skipulagsnefndir móta innanlands skulu veita óháðum eftirlitsmönnum aðgang að mótunum í samræmi við reglur um óháð eftirlit.

### Grein 6: Greining sýna

Lyfjaeftirlitssýni skal greina samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

#### 6.1 Notkun samþykkttra rannsóknarstofa.

Að því er varðar grein 2.1 (Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífvísa sem finnast í líkamssýnum ) skal Lyfjaeftirlitsnefnd eða sérsambönd eingöngu senda sýni til greininga á rannsóknarstofu sem Alþjóðalyfjaeftirlitið hefur faggilt eða samþykkt á annan hátt. Val á rannsóknarstofu sem Alþjóðalyfjaeftirlitið hefur samþykkt fyrir greiningu á sýni skal ákveðið eingöngu af Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna.

***Athugasemd við grein 6.1. Brot á grein 2.1 (Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífvísa sem finnast í líkamssýnum) má eingöngu staðfesta með greiningu sýnis á rannsóknarstofu sem WADA hefur faggilt eða á annarri rannsóknarstofu sem WADA hefur samþykkt. Brot á öðrum greinum má staðfesta með greiningarniðurstöðum frá öðrum rannsóknarstofum svo fremi að niðurstöður séu traustar.***

#### 6.2 Tilgangur með töku og greiningu sýna.

Sýni skulu rannsökuð til að greina bönnuð efni og aðferðir sem eru á bannlistanum og önnur efni eins og Alþjóðalyfjaeftirlitið mælir fyrir um samkvæmt grein 4.5 í Alþjóðalyfjareglunum, eða til að aðstoða Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ við að skrá viðkomandi breytur í þvagi íþróttamanns, blóði eða öðru lífsýni, þar á meðal DNA eða erfðamynd, til að greina brot á reglum um lyfjamisnotkun.

***Athugasemd við grein 6.2: Til dæmis má nota viðeigandi upplýsingar til að stýra markvissri prófun eða til að rökstyðja brot á lyfjareglum samkvæmt grein 2.2 (Notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða aðferð) eða hvort tveggja.***

#### 6.3 Rannsóknir á sýnum.

Ekkert sýni má nota í öðrum tilgangi en þeim sem lýst er í grein 6.2, án skriflegs samþykkis íþróttamannsins. Sýni sem eru notuð (með samþykki íþróttamannsins) í öðrum tilgangi en lýst er í grein 6.2 skulu ekki vera auðkennd að neinu leyti þannig að þau megi rekja til tiltekins íþróttamanns.

#### 6.4 Staðlar um greiningu sýna og tilkynningar.

Rannsóknarstofur skulu greina lyfjaeftirlitssýnin og tilkynna niðurstöður í samræmi við Alþjóðlegan staðal um greiningu sýna.

#### 6.5 Endurgreining á sýnum.

Sýni má endurgreina samkvæmt grein 6.2 hvenær sem er að fyrirmælum lyfjaeftirlitsins sem tók sýnið, eða Alþjóðalyfjaeftirlitsins. Aðstæður og kringumstæður við endurgreiningu sýna skulu vera í samræmi við kröfur Alþjóða staðals fyrir rannsóknarstofur.

***Athugasemd við grein 6.5: Þótt þessi grein sé ný, hafa lyfjaeftirlit alltaf haft vald til að endurgreina sýni. Alþjóðlegar reglur fyrir rannsóknarstofur eða nýtt tækniskjal sem verður hluti af alþjóðareglunum mun samræma reglur fyrir endurprófanir.***

### Grein 7: Meðferð niðurstaðna

7.1 Niðurstöður greiningar á sýnum skipulögðum af Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ.

Niðurstöður prófa að frumkvæði Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ (einnig próf á vegum Alþjóðalyfjaeftirlitsins samkvæmt samningi við Ólympíunefnd ÍSÍ) skulu meðhöndlaðar sem hér segir:

7.1.1 Niðurstöður allra greininga skulu sendar til Lyfjaeftirlitsnefndar í dulkóðuðu formi, í skýrslu sem undirrituð er af fulltrúa rannsóknarstofunnar. Öll samskipti skulu vera bundin trúnaði og í samræmi við ADAMS, gagnagrunn Alþjóðalyfjaeftirlitsins. ADAMS er í samræmi við ákvæði og venjur um gagnavernd sem gilda um Alþjóðalyfjaeftirlitið og aðrar stofnanir sem nota gagnagrunninn.

7.1.2 Við móttöku á jákvæðu sýni skal lyfjaeftirlitið sjá um athugun til að ákvarða hvort: (a) gildandi undanþága hafi verið viðtöku eða verið veitt eins og kveðið er á um í alþjóðlegum reglum um undanþágur, eða (b) hvort sé greinilegt frávik frá alþjóðareglum um lyfjapróf eða alþjóðareglum fyrir rannsóknarstofur sem orsakaði jákvæðu niðurstöðuna.

7.1.3 Ef upphafleg athugun á jákvæðri niðurstöðu samkvæmt grein 7.1.2 sýnir ekki gildandi undanþágu eða rétt á undanþágu samkvæmt alþjóðlegum reglum um undanþágur, eða frávik sem olli jákvæðri niðurstöðu, skal lyfjaeftirlitið tafarlaust tilkynna íþróttamanninum samkvæmt grein 14.1.1, um: (a) jákvæða niðurstöðu; (b) þá lyfjareglu sem er brotin; (c) rétt íþróttamannsins til að krefjast greiningar á B-sýni eða, ef slík beiðni er ekki lögð fram, að B-sýnið teljist afsalað; (d) dagsetningu, tíma og stað fyrir greiningu á B-sýni ef íþróttamaðurinn eða Lyfjaeftirlit ÍSÍ kys að krefjast greiningar á B-sýni; (e) tækifæri fyrir íþróttamanninn og/eða fulltrúa íþróttamannsins til að vera viðstaddur opnun á B-sýni og greiningu innan þess tímaramma sem tilgreindur er í alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur, ef beiðni er um slíka greiningu; og (f) rétt íþróttamannsins til að krefjast afrita af fylgiskjöllum með A og B –sýnum, ásamt upplýsingum eins og kveðið er á um í alþjóðareglum um rannsóknarstofur. Lyfjaeftirlit ÍSÍ skal einnig tilkynna alþjóðasambandi íþróttamannsins og WADA. Ef Lyfjaeftirlitið ákveður að leggja jákvæða sýnið ekki fram sem brot á lyfjareglu, skal það tilkynnt íþróttamanninum, alþjóðasambandi íþróttamannsins og Alþjóðalyfjaeftirlitinu.

7.1.4 Þar sem íþróttamaðurinn eða Lyfjaeftirlit ÍSÍ æskir þess, skal gera ráðstafanir vegna prófunar á B-sýni innan þess tíma sem kveðið er á um í alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur. Íþróttamaðurinn má samþykka niðurstöður A-sýnis með því að afsala sér kröfunni um greiningu á B-sýninu. Lyfjaeftirlit Ólympíunefndar ÍSÍ má þó ákveða að framkvæma greiningu á B-sýninu.

7.1.5 Íþróttamanninum og/eða fulltrúa hans er heimilt að vera við greiningu B-sýnisins innan þess tímaramma sem kveðið er á um í alþjóðareglum um rannsóknarstofur. Fulltrúi landssambands íþróttamannsins sem og fulltrúi lyfjaeftirlits ÍSÍ, má einnig vera viðstaddur.

7.1.6 Ef B-sýnið reynist neikvætt, þá (nema Lyfjaráð ÍSÍ leggi málið fram sem brot á lyfjareglu samkvæmt grein 2.2) skal allt prófið teljast neikvætt og íþróttamanninum, sérsambandi hans og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands skal tilkynnt það.

7.1.7 Ef bannað efni eða notkun á bönnuðu efni greinist, skal tilkynna íþróttamanninum, landssambandi hans, Lyfjaráði ÍSÍ og WADA um það.

7.1.8 Lyfjaráð ÍSÍ skal sjá um að fylgja eftir rannsókn á mögulegu broti á lyfjareglu sem greinar 7.1.1 til 7.1.8 ná ekki yfir. Þegar lyfjaráðið telur fullvíst að brot á lyfjareglu hafi átt sér stað, skal íþróttamanninum eða þeim aðila sem gæti sætt viðurlögum, tilkynnt um brotna reglu og forsendur brotsins. Lyfjaráðið skal einnig tilkynna alþjóðasambandi íþróttamannsins og WADA um þetta.

### 7.2 Skoðun á afbrigðilegum niðurstöðum

7.2.1 Eins og kveðið er á um í alþjóðareglum er rannsóknarstofum í sumum tilfellum skylt að tilkynna um bannað efni sem gæti einnig hafa orðið til með innrænum hætti, sem afbrigðilega niðurstöðu sem ber að rannsaka nánar.

7.2.2 Við móttöku á afbrigðilegu sýni skal Lyfjaráð ÍSÍ láta fara fram athugun til að úrskurða hvort: (a) gildandi undanþága hafi verið veitt, eða (b) frávik hafi verið frá alþjóðlegum reglum um lyfjapróf eða alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur sem olli afbrigðilegu niðurstöðunum.

7.2.3 Ef upphafleg athugun á afbrigðilegu niðurstöðunni samkvæmt grein 7.2.2 leiðir í ljós gildandi undanþágu eða frávik frá alþjóðlegum reglum um lyfjapróf eða alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur sem olli afbrigðilegu niðurstöðunni, skal allt prófið teljast neikvætt og ípróttamanninum, alþjóðasambandi hans og WADA tilkynnt um það.

7.2.4 Ef upphafleg athugun á afbrigðilegu niðurstöðunni samkvæmt grein 7.2.2 leiðir ekki í ljós gildandi undanþágu eða frávik sem olli afbrigðilegu niðurstöðunni, skal Lyfjaráð ÍSÍ láta fara fram rannsókn. Að rannsókn lokinni, skal ípróttamanninum, WADA og alþjóðasambandi ípróttamannsins tilkynnt hvort afbrigðilegu niðurstöðurnar verði lagðar fram sem jákvæðar samkvæmt grein 7.14.

7.2.5 Lyfjaráð mun ekki tilkynna um afbrigðilega niðurstöðu fyrr en að rannsókn lokinni og ákveðið hefur verið hvort afbrigðilega niðurstaðan verði lögð fram sem jákvæð, nema önnur af eftirtöldum aðstæðum sé fyrir hendi:

(a) Ef Lyfjaráðið úrskurðar að B-sýnið skuli greint áður en niðurstöður rannsóknar liggja fyrir, má framkvæma greiningu á B-sýninu eftir tilkynningu til ípróttamannsins, ásamt lýsingu á afbrigðilegu niðurstöðunni og upplýsingum sem tilgreindar eru í grein 7.1.3 (b) til (f).

(b) Ef Lyfjaráðið fær beiðni, annað hvort frá mótshaldara stórmóts skömmu fyrir alþjóðamót eða beiðni frá ípróttasambandi sem ber ábyrgð á að tilnefna liðsmenn fyrir alþjóðamót, um að upplýsa hvort ípróttamaður sem er skráður hjá mótshaldara eða ípróttasambandi eigi útistandandi afbrigðilega niðurstöðu, þá skal Lyfjaráðið tilgreina viðkomandi ípróttamann eftir að hafa tilkynnt honum um afbrigðilegu niðurstöðuna.

### 7.3 Tilkynning til alþjóðasambands ípróttamannsins og Alþjóðalyfjæftirlitsins

Tilkynning til alþjóðasambands ípróttamannsins og Alþjóðalyfjæftirlitsins, samkvæmt grein 7, skal innihalda: nafn ípróttamannsins, land, íprótt og grein innan ípróttar, keppnisstig ípróttamannsins, hvort prófið var í keppni eða utan keppni, dagsetning sýnis og niðurstöður rannsóknarstofu.

7.4 Niðurstöður vegna brots á lyfjareglu sem varða ípróttamann sem heyrir ekki undir lögsögu ÍSÍ. Niðurstöður og málsmeðferð vegna brots á lyfjareglu í kjölfar prófs á vegum, eða sem uppgötvast af Lyfjæftirliti ÍSÍ og varðar ípróttamann sem er ekki ríkisborgari, búsettur, leyfishafi eða meðlimur ípróttasambands undir Ólympíunefnd ÍSÍ, skulu meðhöndlaðar samkvæmt reglum viðeigandi alþjóðasambands.

***Athugasemd við grein 7.4. Í sumum tilfellum geta verklagsreglur Lyfjæftirlits ÍSÍ kveðið á um að niðurstöður skuli meðhöndlaðar af öðru sambandi (t.d. sérsambandi ípróttamannsins). Í þeim tilfellum er það á ábyrgð Lyfjæftirlits ÍSÍ að staðfesta að reglur hins sambandsins séu í samræmi við lyfjareglurnar.***

### 7.5 Niðurstöður vegna brots á dvalarstaðstilkynningu

7.5.1 Niðurstöður vegna augljóss tilkynningarbrots ípróttamanns í skráðum lyfjaprófunarhópi Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ skulu meðhöndlaðar af nefndinni samkvæmt grein 11.6.2 í alþjóðareglum um lyfjapróf (nema samþykkt hafi verið samkvæmt grein 5.5.4 að alþjóðasambandið axli slíka ábyrgð).

7.5.2 Niðurstöður vegna vanefnda á prófi af hálfu ípróttamanns í skráðum lyfjaprófunarhópi vegna tilraunar til að prófa ípróttamanninn af hálfu lyfjaráðs Ólympíunefndar ÍSÍ skulu meðhöndlaðar af Lyfjaráði Ólympíunefndar ÍSÍ í samræmi við grein 11.6.3 í alþjóðlegum reglum um lyfjapróf. Niðurstöður vegna vanefnda á prófi af hálfu ípróttamanns vegna tilraunar til að prófa ípróttamanninn af hálfu annars lyfjæftirlits skulu meðhöndlaðar af því lyfjæftirliti samkvæmt grein 11.7.6 (c) í alþjóðlegum reglum um lyfjapróf.

7.5.3 Ef á einhverju átján mánaða tímabili að ípróttamaður í skráðum lyfjaprófunarhópi Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ hefur þrjú tilkynningarbrot eða þrjú tilfelli vanefnda á prófi eða einhverja blöndu af tilkynningabrotum eða vanefndum á prófi sem eru alls þrjú, hvort sem það er samkvæmt lyfjareglunum eða reglum annars lyfjaeftirlits, skal Lyfjaráð ÍSÍ leggja þau fram sem brot á lyfjareglu.

### 7.6 Bráðabirgðabann

7.6.1 Ef greining á A-sýni leiðir til jákvæðrar niðurstöðu vegna bannaðs efnis sem er ekki tilgreint efni, og athugun samkvæmt grein 7.1.2 leiðir ekki í ljós gildandi undanþágu eða frávik frá alþjóðlegum reglum um lyfjapróf eða alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur sem olli jákvæðu niðurstöðunum, skal dæma bráðabirgðabann tafarlaust eftir athugun og tilkynningu samkvæmt grein 7.1

7.6.2 Í tilfellum sem grein 7.6.1 nær ekki yfir, þar sem Lyfjaráð ÍSÍ ákveður að fylgja málinu eftir sem broti á lyfjareglu samkvæmt ákvæði greinar 7, má dæma bráðabirgðabann eftir athugun og tilkynningu eins og lýst er í grein 7.1, en fyrir greiningu á B-sýni ípróttamannsins eða málsmeðferð samkvæmt grein 8 (Málsmeðferð)

7.6.3 Þó má ekki dæma bráðabirgðabann, hvorki samkvæmt grein 7.6.1 né 7.6.2, nema ípróttamaðurinn eða aðrir aðilar fái annað hvort (a) tækifæri á bráðabirgðameðferð, annað hvort fyrir úrskurð um bráðabirgðabann, eða tímanlega eftir úrskurð þess efnis; eða (b) tækifæri á flýtimeðferð samkvæmt grein 8 (Málsmeðferð) tímanlega eftir úrskurð um bráðabirgðabann.

7.6.4 Ef bráðabirgðabann er úrskurðað á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu úr sýni A og greiningu á sýni B í kjölfar þess (ef ípróttamaðurinn eða lyfjaeftirlitið æskir þess) staðfestir ekki greiningu á sýni A, þá skal ípróttamaðurinn ekki sæta frekari bráðabirgðabanni vegna brots á grein 2.1 í Lyfjareglunum (Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífvísa). Við aðstæður þar sem ípróttamanninum (eða liði ípróttamannsins) hefur verið vísað úr keppni vegna brots á grein 2.1 og greining á sýni B í kjölfar þess staðfestir ekki niðurstöður úr sýni A, og mögulegt er að taka ípróttamanninn eða liðið aftur inn í keppnina án þess að það hafi áhrif á hana, er ípróttamanninum eða liðinu heimilt að taka þátt í keppninni.

### 7.7 Keppni hætt í íprótt

7.7.1 Ef ípróttamaður eða annar einstaklingur hættir keppni meðan meðferð niðurstaðna stendur yfir, hefur Lyfjaráð ÍSÍ enn lögsögu til að ljúka niðurstöðuferlinu. Ef ípróttamaður eða annar einstaklingur hættir keppni áður en meðferð niðurstaðna er hafin, þá hefur Lyfjaráð ÍSÍ, sem hefði haft lögsögu yfir ípróttamanninum eða öðrum einstaklingi á þeim tíma sem ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur braut lyfjareglu, rétt til að láta vinna úr niðurstöðunum.

***Athugasemd við grein 7.7: Framferði ípróttamann eða annars einstaklings áður en hann varð háður lögsögu einhvers lyfjaeftirlits telst ekki brot á lyfjareglum, en gæti verið lögmæt ástæða til að neita ípróttamanninum eða öðrum einstaklingi um aðild að ípróttasamtökum.***

**Grein 8: Málsmeðferð**

8.1 Mál vegna brota á lögum þessum heyra undir Dómstól ÍSÍ sem starfar samkvæmt Lögum ÍSÍ. Dómstóllinn hefur vald til að úrskurða um viðurlög við brotum á lögum þessum í samræmi við ákvæði þeirra.

8.2 Þegar meðferð niðurstaðna eins og lýst er í grein 7, bendir til brots á lögum þessum, skal Lyfjaráð ÍSÍ höfða mál fyrir Dómstóli ÍSÍ sem úrskurðar hvort lögin hafi verið brotin og hvaða viðurlögum skuli beitt.

**Grein 9: Sjálfkrafa ógilding á árangri einstaklings**

Brot á lögum þessum í einstaklingskeppni leiða sjálfkrafa til ógildingar á árangri einstaklingsins í viðkomandi keppni með öllum tilheyrandi afleiðingum, þar á meðal missir verðlaunapeninga, stiga og verðlaunafjár.

*Athugasemd við grein 9: Þegar íþróttamaður vinnur gullverðlaun með bannað efni í líkama sínum, er það ósanngjarnt gagnvart öðrum íþróttamönnum í keppninni án tillit til þess hvort gullhafinn hafi átt sök á því eða ekki. Aðeins "hreinn" íþróttamaður má hagnast á árangri sínum í keppni.*

*Fyrir liðaíþróttir, sjá grein 11 (Afleiðingar fyrir lið).*

*Í íþróttum sem eru ekki liðaíþróttir en þar sem verðlaun eru veitt liðum, er árangur ógiltur eða liðinu refsað á annan hátt þegar einn eða fleiri meðlimir liðsins hafa brotið lyfjareglur, eins og kveðið er á um í gildandi reglum viðkomandi alþjóðasambands.*

## Grein 10: Viðurlög

10.1 Ógilding árangurs í móti þar sem brot á lögum þessum á sér stað.

Brot á lögum þessum í keppni eða í tengslum við keppni getur, samkvæmt ákvörðun mótsstjórnar, leitt til ógildingar á öllum árangri íþróttamannsins í keppninni með öllum afleiðingum, þar á meðal missir verðlaunapeninga, stiga og verðlauna, nema eins og kveðið er á um í grein 10.1.1.

**Athugasemd við grein 10.1: Þar sem grein 9 (Sjálfráttákvæðing á árangri einstaklings) ógildir árangurinn í einstakri grein þar sem íþróttamaðurinn greindist jákvæður getur þessi grein leitt til ógildingar á öllum árangri í öllum greinum á mótinu.**

**Atriði sem skal taka mið af við ákvörðun um hvort eigi að ógilda annan árangur á mótinu gætu til dæmis verið hversu alvarlegt brot íþróttamannsins er á lyfjareglunum og hvort óeðlileg niðurstaða hafi greinst í öðrum keppnisgreinum**

10.1.1 Ef íþróttamaðurinn sýnir fram á að brotið sé ekki hans sök eða vegna vanrækslu hans, skal árangur hans í öðrum greinum ekki ógiltur nema líklegt teljist að brotið hafi haft áhrif á árangur hans í öðrum greinum en þeirri þar sem brotið átti sér stað.

10.2 Óhlutgengi vegna tilvistar, notkunar eða tilraunar til notkunar eða vörslu á bönnuðum efnum og aðferðum.

Lengd óhlutgengis fyrir brot á grein 2.1 (Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífvísa sem finnast í líkamssýnum), grein 2.2 (Notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða aðferð) eða grein 2.6 (Varsla á bönnuðum efnum og aðferðum) skal vera sem hér segir, nema skilyrði fyrir brottrekstri eða styttingu óhlutgengis, eins og lýst er í greinum 10.4 og 10.5, eða skilyrði fyrir lengingu óhlutgengis, eins og lýst er í grein 10.6, séu fyrir hendi:

Fyrsta brot: Tveggja (2) ára óhlutgengi.

**Athugasemd við grein 10.2 Samræming refsinga hefur verið mest rædda og umdeildasta svið baráttu gegn lyfjanotkun Samræming þýðir að sömu reglur og forsendur gilda fyrir mat á hverju tilfalli. Röksemdir gegn þörf á samræmingu refsinga byggjast á því að íþróttgreinar eru mismunandi eins og meðfylgjandi dæmi sýnir: Í sumum íþróttum eru íþróttamenn atvinnumenn og hafa umtalsverðar tekjur af íþróttinni og í öðrum greinum eru íþróttamenn sannir áhugamenn; í greinum þar sem ferill íþróttamannsins er stuttur (s.s. fimleikar) hefur tveggja ára keppnisbann miklu meiri áhrif á íþróttamanninn heldur en í íþróttum þar sem ferillinn er samkvæmt hefð miklu lengri (t.d. reiðmennska og skotfimi); í einstaklingsgreinum er íþróttamaðurinn miklu færari um að viðhalda keppnisfærni sinni með æfingum á bann tímanum heldur en í öðrum greinum þar sem æfing með líði skiptir meira máli. Helsta röksemdin fyrir samræmingu er að það er einfaldlega ekki rétt að tveir íþróttamenn frá sama landi sem greinast með sama bannaða efnið við svipaðar aðstæður fái mismunandi refsingu aðeins vegna þess að þeir keppa í ólíkum greinum. Þar að auki hefur sveigjanleiki í refsingum oft verið talinn óásættanlegur möguleiki fyrir suma aðila innan íþróttanna að sýna hinum brotlegu vægð. Skortur á samræmingu refsinga hefur einnig leitt til lögsögulegra árekstra milli alþjóðasambanda og landslyfjaeftirlita.**

10.3 Óhlutgengi fyrir önnur brot á lyfjareglum.

Lengd óhlutgengis fyrir önnur brot á lyfjareglum en þau sem kveðið er á um í grein 10.2 skal vera sem hér segir:

10.3.1 Fyrir brot á grein 2.3 (Neita eða láta hjá líða að mæta til sýnisveitingar) eða grein 2.5 (Fölsun eða tilraun til fölsunar við einhvern þátt lyfjaeftirlits) skal óhlutgengi vera tvö (2) ár nema skilyrði í grein 10.5 eða 10.6 séu uppfyllt.

10.3.2 Fyrir brot á grein 2.7 (Viðskipti eða tilraun til viðskipta með bannað efni eða bannaða aðferð), eða 2.8 (Gjöf eða tilraun til gjafar á bönnuðu efni eða aðferð) skal óhlutgengi vera að lágmarki fjögur (4) ár og allt að lífstíð, nema skilyrði greinar 10.5 séu uppfyllt. Lyfjamisnotkun sem tengist ólögráða unglingsi telst sérstaklega alvarlegt brot og ef það er framið af aðstoðarfólki íþróttamannsins og felur í sér önnur brot en sem varða sérstaklega tilgreind efni eins og grein 4.2.2 vísar til, skal dæma aðstoðarfólk íþróttamannsins í lífstíðar óhlutgengi. Þar að auki eru brot á greinum 2.7 og 2.8 einnig brot á almennum lögum og reglugerðum og skal tilkynna þau til viðkomandi stjórnvalda, fagaðila eða dómsvalda.

**Athugasemd við grein 10.3.2:** Þeir sem tengjast lyfjanotkun íþróttamanna eða yfirhýlmingu á henni skulu sæta refsingum sem eru alvarlegri en þær sem íþróttamennirnir hljóta. Þar sem vald íþróttafélaga er almennt takmarkað við keppnisbann, aðild og útlökun á öðrum fríðindum íþróttá, er mikilvægur þáttur í hindrun lyfjanotkunar að kæra þessa aðila til viðeigandi yfirvalda.

10.3.3 Fyrir brot á grein 2.4 (Ekki tilkynnt um dvalarstað og ekki mætt í lyfjapróf) skal óhlutgengi vera að lágmarki eitt (1) ár og mest tvö (2) ár, á grundvelli sektarstigs íþróttamannsins.

**Athugasemd við grein 10.3.3:** Refsingar fyrir brot á grein 10.3.3 skulu vera tvö ár þar sem öll þrjú tilkynningabrotin eða skróp í lyfjaprófi eru óafsakanleg. Að öðrum kosti skal meta brotið á bilinu tvö ár til eins árs á grundvelli málsatvika.

10.4 Niðurfelling eða stytting á tímabili óhlutgengi fyrir sérstaklega tilgreind efni við sérstakar aðstæður. Þar sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur getur sýnt fram á hvernig sérstaklega tilgreint efni komst inn í líkama hans eða komst í eigu hans og að slíkt sérstaklega tilgreint efni hafi ekki verið ætlað til að bæta árangur íþróttamannsins eða fela notkun á árangursbætandi efni, skal eftirfarandi koma í stað óhlutgengi eins og lýst er í grein 10.2

Fyrsta brot: Að lágmarki, áminning og ekkert óhlutgengi á síðari mótum og að hámarki tveggja ára óhlutgengi.

Til að réttlæta undanþágu eða styttingu verður íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur að framvísa gögnum sem styðja mál hans sem dómstólnum þykja nægja til að sýna fram á að ekki hafi verið ætlunin að bæta árangurinn eða fela notkun árangursbætandi efnis. Sektorstig íþróttamannsins eða annars einstaklings skal lagt til grundvallar mati á styttingu á óhlutgengi.

**Athugasemd við grein 10.4:** Tilgreind efni eins og þau eru skilgreind í grein 4.2.2 eru ekki endilega síður alvarlegri til notkunar í íþróttum en önnur bönnuð efni (til dæmis, örvandi efni sem er skráð sem tilgreint efni, gæti haft mikil áhrif á íþróttamann í keppni; af þeirri ástæðu myndi íþróttamaður sem uppfyllir ekki ákvæði þessarar greinar fá tveggja ára keppnisbann og allt að fjögurra ára keppnisbann samkvæmt grein 10.6. Hins vegar er þó líklegra að tilgreind efni, önnur en önnur bönnuð efni, gætu átt sér trúverðuglega skýringu sem tengist ekki lyfjamisnotkun.

Þessi grein gildir aðeins í þeim tilfellum þar sem dómstóllinn telur fullvíst, miðað við hlutlæg málsatvik, að íþróttamaðurinn hafi við töku eða eign á bönnuðu efni, ekki ætlað að bæta árangur sinn. Dæmi um hlutlæg málsatvik sem gætu leitt til þess að dómstóllinn telur fullvíst að ekki hafi verið ætlunin að bæta árangur: sú staðreynd að eðli tilgreinda efnisins eða tímasetning notkunar á því hefði ekki komið íþróttamanninum til góða; ódulin notkun íþróttamanns eða upplýsingar um notkun hans á tilgreindu efni; og nýlegar sjúkraskrár sem staðfesta óíþróttatengda ávísun á tilgreinda efnið. Almenna reglan er að því meiri sem líkurnar eru á árangursbætingu, því meiri ábyrgð ber íþróttamaðurinn á því að sanna að ekki hafi verið ætlunin að bæta árangur sinn.

Þótt dómstóllinn telji sannað að ekki hafi verið ætlunin að bæta árangurinn, verður íþróttamaðurinn að sýna fram á hvernig tilgreinda efnið komst inn í líkamann með jafnvægum líkum.

Við mat á sektarstigi íþróttamannsins eða annars einstaklings, verða aðstæður að vera sérstakar og útskýra frávik íþróttamannsins eða annars einstaklings frá væntu atferli. Dæmi: Þær staðreyndir að íþróttamaðurinn hefði misst af tækifæri til að vinna sér inn mikið fé á tímabili keppnisbanns, eða að íþróttamaðurinn á stutt eftir af ferli sínum eða tímasetning á mótaskrá, koma ekki til álita við mat á styttingu keppnisbanns samkvæmt þessari grein. Gert er ráð fyrir því að undanþága frá keppnisbanni verði aðeins veitt í mjög sérstökum tilfellum.

10.5 Undanþága eða stytting á tímabili óhlutgengis vegna sérstakra aðstæðna.

10.5.1 Engin sök eða vanræksla.

Ef íþróttamaðurinn sýnir fram á í einstöku máli að hann eigi enga sök eða hafi ekki sýnt vanrækslu, skal veita undanþágu frá gildandi tímabili óhlutgengis. Þegar bannað efni eða annar lífvísir þess eða niðurbrotsefni greinast í sýni íþróttamanns í trássi við grein 2.1 (Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífvísa sem finnast í líkamssýnum) verður íþróttamaðurinn einnig að staðfesta hvernig bannaða efnið komst inn í líkama hans til að fá undanþágu frá óhlutgengi. Í þeim tilvikum þar sem þessi grein gildir og undanþága er veitt frá gildandi ákvæði um óhlutgengi, skal brotið á reglunum um lyfjamisnotkun ekki teljast brot sem varðar óhlutgengi fyrir fjölda brota samkvæmt grein 10.7

### 10.5.2 Engin umtalsverð sök eða vanræksla.

Ef íþróttamaður eða annar einstaklingur sýnir fram á að hann beri enga alvarlega sök eða hafi sýnt vanrækslu, má stytta óhlutgengið sem hann annars hefði verið dæmdur til, en stytt óhlutgengi má ekki vera minna en helmingur lágmarkstímabils óhlutgengis sem annars gildir. Ef hið gildandi tímabil óhlutgengis er lífstíð, má stytt óhlutgengi samkvæmt þessari grein ekki vera minna en átta (8) ár. Þegar bannað efni eða annar lífvísir eða niðurbrotsefni greinast í sýni íþróttamanns í broti á grein 2.1 (Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífvísa sem finnast í líkamssýnum) verður íþróttamaðurinn einnig að staðfesta hvornig bannaða efnið komst inn í líkama hans til að fá styttingu á óhlutgenginu.

***Athugasemd við greinar 10.5.1 og 10.5.2: Þessi lög um lyfjamál kveða á um mögulega styttingu eða undanþágu á tímabili keppnisbanns við þær sérstöku aðstæður þar sem íþróttamaðurinn getur sýnt fram á að hann ber enga sök eða vanrækslu eða enga alvarlega sök eða vanrækslu í tengslum við brotið. Þessi aðferð er í samræmi við grundvallarmannréttindi og skapar jafnvægi milli þeirra lyfjaeftirlita sem krefjast þrengri undanþáguákvæða eða engra og þeirra sem myndu stytta tveggja ára keppnisbann á grundvelli annarra þáttar jafnvel þegar íþróttamaðurinn var sekur.***

***Þessar greinar gilda aðeins um beitingu refsinga; þær gilda ekki um úrskurð á því hvort brot á lyfjareglum hafi átt sér stað. Grein 10.5.2 má beita um öll brot á reglum um lyfjanotkun, þótt það verði sérlega erfitt að uppfylla skilyrði fyrir styttingu á þeim brotum á lyfjareglum þar sem þekking er þáttur í brotinu.***

***Greinar 10.5.1 og 10.5.2 eiga aðeins að hafa áhrif í tilfellum þar sem aðstæður eru sannarlega einstakar og ekki í þorra tilfella.***

***Dæmi um beitingu greinar 10.5.1 þar sem engin sök eða vanræksla leiðir til algerrar undanþágu á refsingu, er þegar íþróttamaður getur sannað að þrátt fyrir alla aðgát hafi keppinautur hans spillt fyrir honum. Þar á móti verður ekki veitt undanþága frá refsingu á grundvelli engrar sakar eða vanrækslu við eftirfarandi aðstæður: (a) jákvæðar niðurstöður sýnis vegna rangrar merkingar eða mengaðs vítamíns eða bætiefnis (Íþróttamenn bera ábyrgð á því sem þeir neyta (grein 2.1.1) og hafa verið varaðir við hugsanlegri mengun bætiefna); (b) útteiling læknis íþróttamannsins á bönnuðu efni eða þjálfara án þess að upplýsa íþróttamanninn (Íþróttamenn bera ábyrgð á vali sínu á lækni og á því að upplýsa lækna og sjúkraliða, að ekki megi gefa þeim bönnuð efni); og (c) spilling á mat eða drykk íþróttamannsins af hálfu maka, þjálfara eða annars aðila sem tengist íþróttamanninum. (Íþróttamenn bera ábyrgð á því sem þeir neyta og á framferði þeirra sem þeir treysta fyrir aðgengi að mat sínum og drykk). Það fer hins vegar eftir aðstæðum í hverju máli hvort þessar lýsingar geti leitt til styttingar á refsingu á grundvelli engrar alvarlegrar sakar eða vanrækslu. (Til dæmis getur stytting vel átt við í lýsingu (a) ef íþróttamaðurinn sýnir ótvírætt fram á að orsök hins jákvæða prófs var mengun algengu fjölvítamíni sem var keypt hjá aðila sem tengist ekki bönnuðum efnum og íþróttamaðurinn gætti þess að taka ekki önnur bætiefni.)***

***Til að meta sektarstig íþróttamannsins eða annars einstaklings samkvæmt greinum 10.5.1 og 10.5.2, verða metin gögn að vera sérstök og skipta máli fyrir skýringar íþróttamannsins eða annars einstaklings á fráviki frá ætluðu eðlilegu atferli. að íþróttamaðurinn hefði misst af tækifæri til að vinna sér inn mikið fé á tímabili keppnisbanns, eða að íþróttamaðurinn á stutt eftir af ferli sínum eða tímasetning á mótaskrá, koma ekki til álita við mat á styttingu keppnisbanns samkvæmt þessari grein.***

***Þótt ólögráða unglingar fái enga sérmeðferð út af fyrir sig þegar refsingar eru ákveðnar, skiptir ungur aldur og reynsluleysi vissulega máli þegar sektarstig íþróttamannsins eða annars einstaklings er ákveðið samkvæmt grein 10.5.2, sem og greinum 10.3.3, 10.4 og 10.5.1.***

***Grein 10.5.2 skal ekki gilda í tilfellum þar sem greinar 10.3.3 eða 10.4 gilda, þar sem þessar greinar taka þegar mið af sektarstigi íþróttamannsins eða annars einstaklings þegar lengd keppnisbanns er ákveðin.***

### 10.5.3 Umtalsverð aðstoð við að finna eða sýna fram á lyfjamisnotkun.

Lyfjaráð ÍSÍ sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna við lyfjamisnotkun má, fyrir lokaáfrýjunarúrskurð samkvæmt grein 13 eða áður en áfrýjunarrestur rennur út, fresta hluta óhlutgengis í einstöku tilfalli þar sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hefur veitt lyfjaeftirliti umtalsverða aðstoð eða lögreglu eða agadómstól sem leiðir til þess að lyfjaeftirlitið uppgötvar eða sýnir fram á lyfjamisnotkun af hálfu annars einstaklings eða sem leiðir til uppgötvunar lögreglu eða agadómstóls eða sýnt er fram á afbrot eða brot á faglegum reglum af hálfu annars einstaklings. Eftir lokaáfrýjunarúrskurð samkvæmt grein 13 eða

áfrýjunarfrestur er útrunnin, má Lyfjaráð ÍSÍ aðeins fresta hluta af gildandi óhlutgengi með samþykki viðkomandi alþjóðasársambands og Alþjóðalyfjaeftirlitsins. Frestun á annars gildandi óhlutgengi skal byggjast á alvarleika brotsins á lyfjareglunum af hálfu ípróttamannsins eða annars einstaklings og mikilvægi þeirrar umtalsverðu aðstoðar sem ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur veitti til að útrýma lyfjamisnotkun í ípróttum. Ekki má fresta meira en  $\frac{3}{4}$  af annars gildandi lengd óhlutgengis. Ef gildandi óhlutgengi er til lífstíðar, má óhlutgengið ekki vera styttra en átta (8) ár. Ef Lyfjaráð ÍSÍ frestar einhverjum hluta af annars gildandi óhlutgengi samkvæmt þessari grein, skal lyfjaeftirlitið leggja fram skriflegan rökstuðning fyrir ákvörðun sinni til þeirra sem hafa rétt á að áfrýja ákvörðuninni. Ef Lyfjaráð ÍSÍ síðan endurskipar einhvern hluta af frestaða óhlutgenginu vegna þess að ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur veitti ekki þá umtalsverðu aðstoð sem við var búist, má ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur áfrýja endurskipuninni í samræmi við grein 13.2.

**Athugasemd við grein 10.5.3: Samvinna ípróttamanna, aðstoðarfólks ípróttamanna og annarra einstaklinga sem viðurkenna mistök sín og vilja upplýsa önnur brot á lyfjareglum er mikilvæg fyrir hreinar ípróttir.**

**Það sem ber að hafa í huga við mat á gildi umtalsverðrar aðstoðar er til dæmis þetta: Fjöldi viðriðinna einstaklinga, staða þessara einstaklinga í ípróttinni, hvort um sé að ræða kerfi viðskipta samkvæmt grein 2.7 eða gjöf samkvæmt grein 2.8**

**og hvort brotið tengdist efni eða aðferð sem er ekki auðgreind í prófi.**

**Hámarkskeppnisbanni skal aðeins beita í sérstökum tilfellum. Einnig ber að hafa í huga varðandi alvarleika brotsins á lyfjareglunum hvort um árangursbætingu sé að ræða sem sá sem veitir umtalsverðu aðstoðina gæti enn notið góðs af. Almennit gildir að því fyrr í niðurstöðuferlinu sem umtalsverða aðstoðin er veitt, þeim mun hærra hlutfall á gildandi keppnisbanni getur komið til styttingar.**

**Ef ípróttamaðurinn eða aðrir einstaklingar sem fullyrt er að hafi brotið lyfjareglur**

**gerir kröfu um rétt á frestun á keppnisbanni samkvæmt þessari grein í tengslum við afsal ípróttamannsins eða annarra einstaklinga á skýrslugjöf samkvæmt grein 8.1. skal Lyfjaráð ÍSÍ ákveða hvort frestun á hluta keppnisbannsins sé viðeigandi samkvæmt þessari grein. Ef ípróttamaðurinn eða aðrir einstaklingar gera kröfu um rétt á frestun á hluta keppnisbanns áður en skýrslugjöf lýkur samkvæmt grein 8 (Málsmeðferð) um brot á lyfjareglum, skal dómstóllinn ákverða hvort frestun á hluta á annars gildandi keppnisbanni sé viðeigandi samkvæmt þessari grein á sama tíma og dómstóllinn ákveður hvort ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur hafi brotið lyfjareglur. Ef hluta keppnisbanns er frestað, skal úrskurðurinn skýra grundvöll þess að veittar upplýsingar hafi verið trúverðugar og skiptu máli við að uppgötva eða sanna brot á lyfjareglum eða annað brot. Ef ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur telur sig eiga rétt á frestun hluta keppnisbanns eftir að lokaniðurstaða staðfestir brot á lyfjareglum og verður ekki áfrýjað samkvæmt grein 13 (Áfrýjanir), en ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur er enn að taka út keppnisbann, má ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur áfrýja til þess lyfjaeftirlits sem hafði umsjón með niðurstöðum lyfjaprófanna að ihuga frestun á hluta keppnisbanns samkvæmt þessari grein. Allar frestanir á annars gildandi lengd keppnisbanns krefjast samþykkis WADA og viðkomandi alþjóðasambands. Ef einhver skilyrði fyrir frestun á hluta keppnisbanns eru ekki uppfyllt, skal Dómstóll ÍSÍ, endurskipa gildandi hluta keppnisbanns. Úrskurðum Dómstóls ÍSÍ samkvæmt þessari grein má áfrýja í samræmi við grein 13.2.**

**Þetta eru einu aðstæðurnar samkvæmt lögum þessum þar sem frestun á annars gildandi keppnisbanni er heimiluð.**

10.5.4 Viðurkenning á lyfjamisnotkun þegar aðrar sannanir skortir.

Þar sem ípróttamaður eða annar einstaklingur viðurkennir af sjálfsdáðum að hafa brotið lögin áður en hann er boðaður í sýnagjöf, sem gæti staðfest brotið (eða, ef um aðra lyfjamisnotkun er að ræða en grein 2.1, fyrir móttöku á fyrstu tilkynningu um viðurkennt brot samkvæmt grein 7) og þessi játning er eina trausta sönnunin um brotið á þeim tíma sem játningin var gefin, þá má stytta óhlutgengi en ekki meira en sem nemur helmingi gildandi lengdar þess.

**Athugasemd við grein 10.5.4: Þessi grein á að gilda þegar ípróttamaður eða annar einstaklingur viðurkennir af sjálfsdáðum brot á lyfjareglum við aðstæður þar sem ekkert lyfjaeftirlit veit að brot á lyfjareglum hafi átt sér stað. Greinin á ekki að gilda um aðstæður þar sem játning á sér stað eftir að ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur telur að upp um hann sé að komast.**

10.5.5 Ef ípróttamaður eða annar einstaklingur sýnir fram á rétt til styttingar á refsingu samkvæmt fleiri en einu ákvæði þessarar greinar.

Áður en stytting eða frestun er veitt samkvæmt greinum 10.5.2, 10.5.3 eða 10.5.4, skal annars gildandi lengd óhlutgengis ákveðin í samræmi við greinar 10.2, 10.3, 10.4 og 10.6. Ef ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur sýnir fram á rétt á styttingu eða frestun á lengd óhlutgengis samkvæmt tveimur eða fleiri greinum 10.5.2, 10.5.3 eða 10.5.4, þá má stytta óhlutgengið eða fresta því en ekki meira en sem nemur einum fjórða af annars gildandi lengd óhlutgengis.

**Athugasemd við grein 10.5.5: Viðeigandi refsing er ákveðin í fjórum skrefum: Fyrst ákveður dómstóllinn hvaða grunnrefsing (Grein 10.2, Grein 10.3, Grein 10.4 or Grein 10.6) gildir um viðkomandi brot á lyfjareglum. Í næsta skrefi ákveður dómstóllinn hvort sé grundvöllur fyrir frestun, undanþágu eða styttingu refsingar (Greinar 10.5.1 til 10.5.4.). Athuga ber þó að ekki má samtvinna allar ástæður fyrir frestun, undanþágu eða styttingu við ákvæði um grunnrefsingu. Dæmi: Grein 10.5.2 gildir ekki í málum sem varða greinar 10.3.3 eða 10.4 þar sem dómstóllinn, samkvæmt greinum 10.3.3 og 10.4, hefur þegar ákveðið lengd keppnisbanns á grundvelli sektarstigs ípróttamannsins eða annars einstaklings. Í þriðja skrefinu ákveður dómstóllinn á grundvelli greinar 10.5.5 hvort ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur eigi rétt á undanþágu, styttingu eða frestun samkvæmt fleiri en einu ákvæði greinar 10.5. Að lokum ákveður dómstóllinn hvenær keppnisbannið hefst, samkvæmt grein 10.9.**

**Eftirfarandi fjögur dæmi sýna rétta röð greiningar:**

### **Dæmi 1.**

**Staðreyndir: Óeðlilegar niðurstöður fela í sér tilvist anabólískra stera; ípróttamaðurinn viðurkennir brotið á lyfjareglunum; ípróttamaðurinn sýnir fram á enga umtalsverða sök (grein 10.5.2); og ípróttamaðurinn veitir umtalsverða aðstoð (grein 10.5.3).**

### **Beiting á grein 10:**

- 1. Grunnrefsing væri tvö ár samkvæmt grein 10.2. (Aðstæður sem auka saknæmi (grein 10.6) koma ekki til greina því ípróttamaðurinn viðurkenndi brotið tafarlaust. Grein 10.4 á ekki við því steri er ekki tilgreint efni.)**
- 2. Á grundvelli ákvæðisins um enga umtalsverða sök, væri hægt að stytta refsinguna um helming af þessum tveimur árum. Á grundvelli umtalsverðrar aðstoðar væri hægt að stytta refsinguna um  $\frac{3}{4}$  af þessum tveimur árum.**
- 3. Samkvæmt grein 10.5.5, þegar metin er möguleg stytting fyrir enga umtalsverða sök og umtalsverða aðstoð, mætti stytta refsinguna hið mesta um  $\frac{3}{4}$  af þessum tveimur árum. Þannig yrði lágmarksrefsing sex mánaða keppnisbann.**
- 4. Samkvæmt grein 10.9.2, því ípróttamaðurinn viðurkenndi brot á lyfjareglunum, gæti keppnisbannið hafist við dagsetningu sýnistöku, en ípróttamaðurinn þarf hvort sem er að taka út minnst helminginn af keppnisbanninu (lágmark þrjú mánuðir) eftir dagsetningu úrskurðar dómstólsins.**

### **Dæmi 2.**

**Staðreyndir: Óeðlilegar niðurstöður fela í sér tilvist anabólískra stera; aðstæður sem auka saknæmi eru fyrir hendi og ípróttamaðurinn getur ekki sýnt fram á að hann hafi ekki meðvitað brotið lyfjareglurnar; ípróttamaðurinn viðurkennir ekki tafarlaust meint brot á lyfjareglunum; en ípróttamaðurinn veitir umtalsverða aðstoð (grein 10.5.3).**

### **Beiting á grein 10:**

- 1. Grunnrefsing væri tveggja til fjögurra ára keppnisbann eins og kveðið er á um í grein 10.6.**
- 2. Á grundvelli umtalsverðrar aðstoðar mætti stytta refsinguna um  $\frac{3}{4}$  af hámarkskeppnisbanninu sem er fjögur ár.**
- 3. Grein 10.5.5 á ekki við.**

4. Samkvæmt grein 10.9.2, hefst keppnisbann við dagsetningu úrskurðar dómstólsins.

**Dæmi 3.**

**Staðreyndir:** Óeðlilegar niðurstöður fela í sér tilvist tilgreinds efnis; íþróttamaðurinn sýnir fram á hvernig tilgreinda efnið komst inn í líkama hans og að hann ætlaði ekki að bæta íþróttarárangur sinn; íþróttamaðurinn sýnir fram á mjög litla sök sína; og íþróttamaðurinn veitir umtalsverða aðstoð. (Grein 10.5.3).

**Beiting á grein 10:**

1. Þar sem óeðlilegu niðurstöðurnar fólu í sér tilgreint efni og íþróttamaðurinn hefur uppfyllt önnur ákvæði greinar 10.4, er grunnrefsingin innan marka áminningar og tveggja ára keppnisbanns. Dómstóllinn myndi meta sekt íþróttamannsins við ákvörðun refsingar innan þeirra marka. (Til skýringar í þessu dæmi má gera ráð fyrir að dómstóllinn myndi annars ákveða átta mánaða keppnisbann)
2. Á grundvelli umtalsverðrar aðstoðar, mætti stytta refsinguna um  $\frac{3}{4}$  af átta mánuðunum. (Ekki skemur en tveir mánuðir). Engin umtalsverð sök (grein 10.2) á hér við því sektarstig íþróttamannsins var þegar metið við ákvörðun átta mánaða keppnisbanns í skrefi 1.
3. Grein 10.5.5 á ekki við.
4. Samkvæmt grein 10.9.2, þar sem íþróttamaðurinn viðurkenndi tafarlaust brot á lyfjareglum, gæti keppnisbannið miðast við dagsetningu sýnistöku, en hvernig sem fer, verður íþróttamaðurinn að afplána að minnsta kosti helming keppnisbannsins eftir úrskurð dómstólsins (Lágmark einn mánuður).

**Dæmi 4.**

**Staðreyndir:** Íþróttamaður sem hefur aldrei fengið óeðlilegar niðurstöður eða verið sakaður um brot á lyfjareglum viðurkennir af sjálfsdáðum að hafa viljandi notað mörg bönnuð efni til að bæta árangur sinn. Íþróttamaðurinn veitir einnig umtalsverða aðstoð (Grein 10.5.3).

**Beiting á grein 10:**

1. Þótt viljandi notkun á mörgum bönnuðum efnum til að bæta árangur myndi almennt flokkast undir aðstæður sem auka á saknæmi (grein 10.6), þýðir viðurkenning íþróttamannsins af sjálfsdáðum að grein 10.6 á ekki við. Sú staðreynd að notkun íþróttamannsins á bönnuðum efnum var ætluð til að bæta árangur hans, útilokar einnig beitingu á grein 10.4, án tillits til þess hvort bönnuðu efnin sem voru notuð voru tilgreind efni. Þannig gildir því grein 10.2 og grunntímabil keppnisbanns yrði tvö ár.
2. Á grundvelli viðurkenningar íþróttamannsins af sjálfsdáðum (grein 10.5.4) út af fyrir sig, mætti stytta tveggja ára keppnisbannið um helming. Á grundvelli umtalsverðrar aðstoðar íþróttamannsins (grein 10.5.3) mætti stytta keppnisbannið um  $\frac{3}{4}$  af árunum tveimur.
3. Samkvæmt grein 10.5.5, þegar viðurkenning af sjálfsdáðum og umtalsverð aðstoð eru vegin saman, væri hið mesta hægt að stytta refsinguna um þrjá fjórðu hluta af tveimur árum. (Lágmarkskeppnisbann yrði sex mánuðir.)
4. Ef grein 10.5.4 var höfð til hliðsjónar hjá dómstólnum við að ákveða sex mánaða lágmarkskeppnisbann í skrefi 3, myndi tímabil keppnisbannsins hefjast á þeim degi sem dómstóllinn úrskurðaði. Ef dómstóllinn hafði ekki grein 10.5.4 til hliðsjónar við styttingu keppnisbannsins í skrefi 3, þá gæti keppnisbannið miðast, samkvæmt grein 10.9.2, við þann dag sem brotið á lyfjareglunum fór fram, svo fremi að minnst helmingur þess tíma (lágmark þrjú mánuðir) verði afplánaður eftir úrskurð dómstólsins.

10.6 Aðstæður sem auka á saknæmi og geta lengt óhlutgengi.

Ef Lyfjaráð ÍSÍ sýnir fram á í máli einstaklings sem varðar brot á lögnum, önnur en brot samkvæmt greinum 2.7 (Viðskipti eða tilraun til viðskipta með bannað efni eða bannaða aðferð) og 2.8. (Gjöf eða tilraun til gjafar), að aðstæður sem auka á saknæmi eru fyrir hendi sem réttlæta lengra óhlutgengi en venjuleg refsing, þá má lengja gildandi óhlutgengi upp í fjögur (4) ár hið mesta nema íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur geti sýnt fram á með fullnægjandi hætti að mati dómstólsins að ekki hafi verið um ásetningsbrot að ræða.

Íþróttamaður eða annar einstaklingur getur forðast beitingu þessarar greinar með því að viðurkenna brotið á lögnum um leið og Lyfjaráð ÍSÍ staðhæfir það.

**Athugasemd við grein 10.6:** Dæmi um aðstæður sem auka saknæmi, sem geta réttlætt lengra keppnisbann en venjuleg refsing kveður á um:

## Lög ÍSÍ um lyfjamál

Íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur framdi brotið á lyfjareglunum sem hluta af skipulögðum brotum eða kerfisbundnum, annað hvort einn eða í samsæri við aðra eða sem samstarf til að brjóta lyfjareglur; íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur notaði eða átti mörg bönnuð efni eða bannaðar aðferðir eða notaði eða átti bannað efni eða bannaða aðferð í mörgum tilvikum; venjulegur einstaklingur væri líklegur til að njóta árangursbætandi áhrifa brotsins á lyfjareglunum lengur en sem nemur gildandi lengd keppnisbanns; íþróttamaðurinn eða einstaklingurinn beittu blekkingum eða hindrunum til að forðast greiningu eða dóm fyrir brotið á lyfjareglunum.

Til að taka af vafa, eru dæmin í þessari athugasemd við grein 10.6 um aðstæður sem auka saknæmi ekki tæmandi og aðrir sektaraukandi þættir geta einnig réttlætt lengra keppnisbann. Brot á grein 2.7. (Viðskipti eða tilraun til viðskipta) og 2.8 (Gjöf eða tilraun til gjafar) eru ekki innifalin í beitingu á grein 10.6 því refsingar fyrir þessi brot (frá fjórum árum til lífstíðar keppnisbanns) gefa nægilegt svigrúm til að taka tillit til aðstæðna sem auka á saknæmi.

### 10.7 Ítrekuð lyfjamisnotkun.

#### 10.7.1 Annað brot á lyfjareglum

Fyrir fyrsta brot íþróttamanns eða annars einstaklings á lyfjareglunum er kveðið á um lengd óhlutgengis í greinum 10.2 og 10.3 (með fyrirvara um undanþágu, styttingu eða frestun samkvæmt greinum 10.4 eða 10.5, eða til aukningar samkvæmt grein 10.6) Fyrir annað brot á lyfjareglum skal lengd óhlutgengis vera innan þeirra marka sem sýnd eru í töflunni hér fyrir neðan.

Annað brot	RS	FFMT	NSF	St	AS	TRA
Fyrsta brot						
RS	1-4	2-4	2-4	4-6	8-10	10- lífstíð
FFMT	1-4	4-8	4-8	6-8	10- lífstíð	Lífstíð
NSF	1-4	4-8	4-8	6-8	10- lífstíð	Lífstíð
St	2-4	6-8	6-8	8- lífstíð	Lífstíð	Lífstíð
AS	4-5	10-lífstíð	10- lífstíð	Lífstíð	Lífstíð	Lífstíð
TRA	8-lífstíð	Lífstíð	Lífstíð	Lífstíð	Lífstíð	Lífstíð

Skilgreiningar fyrir töflu yfir viðurlög við öðru broti.

RS (Stytt refsing fyrir sérstaklega tilgreint samkvæmt grein 10.4)

Brotið á lögunum var eða ætti að varða styttri refsingu samkvæmt grein 10.4 því það fól í sér sérstaklega tilgreint og önnur skilyrði greinar 10.4 voru uppfyllt.

FFMT (Ekki tilkynnt um dvalarstað og/eða ekki mætt í lyfjapróf): Brotið á lögunum var eða ætti að varða refsingu samkvæmt grein 10.3.3 (Ekki tilkynnt um dvalarstað og ekki mætt í lyfjapróf)

NSF (Stytt refsing fyrir enga umtalsverða sök eða vanrækslu): Brotið á lögunum var eða ætti að varða styttri refsingu samkvæmt grein 10.5.2 því að engin umtalsverð sök eða vanræksla samkvæmt grein 10.5.2 var sönnuð af íþróttamanninum.

St (Venjulegar refsingar samkvæmt greinum 10.2 eða 10.3.1):

Brotið á lögunum var eða ætti að varða refsingu samkvæmt venjulegum refsingum sem nemur tveimur (2) árum samkvæmt greinum 10.2 eða 10.3.1.

AS (Aukin refsing): Brotið á lögunum var eða ætti að varða aukinni refsingu samkvæmt grein 10.6 því lyfjaeftirlitið sýndi fram á skilyrði greinar 10.6.

TRA (Viðskipti eða tilraun til viðskipta og gjöf eða tilraun til gjafar): Brotið á lögunum var eða ætti að varða grein 10.3.2

#### **Athugasemd við grein 10.7.1:**

**Notið töfluna með því að finna fyrsta brot íþróttamannsins eða annars einstaklings á lyfjareglunum í vinstri dálkinum og farið síðan til hægri eftir töflunni að dálkinum sem sýnir annað brotið. Sem dæmi má gera ráð fyrir að íþróttamaðurinn fái venjulegt keppnisbann fyrir fyrsta brot samkvæmt grein 10.2 og brýtur síðan aftur af sér og fær styttri refsingu fyrir tilgreint efni samkvæmt grein 10.4 Taflan er notuð til að reikna lengd keppnisbanns fyrir annað brot. Í þessu dæmi er byrjað í vinstri dálki og farið niður í fjórðu röð sem er merkt ST fyrir venjulegar refsingar, og farið síðan eftir töflunni að fyrsta dálki sem er merktur RS fyrir stytta refsingu fyrir tilgreint efni, og þannig fást**

**mörkin 2-4 ára keppnisbann fyrir annað brotið. Sektarstig íþróttamannsins eða annars einstaklings skal haft til hliðsjónar við mat á lengd keppnisbanns innan gildandi marka.**

**Athugasemd við grein 10.7.1 RS skilgreining: Sjá grein 20.1.4 um beitingu greinar 10.7.1 um brot á Alþjóða lyfjareglunum áður en þær tóku gildi.**

10.7.2 Beiting greina 10.5.3 og 10.5.4 við öðru broti á lyfjareglum.

Þar sem íþróttamaður eða annar einstaklingur sem er staðinn að lyfjamisnotkun öðru sinni sýnir fram á rétt til frestunar eða styttingar á hluta óhlutgengis samkvæmt grein 10.5.3 eða 10.5.4, skal rannsóknarnefndin fyrst ákveða almennt gildandi óhlutgengi innan þeirra marka sem taflan sýnir í grein 10.7.1 og síðan beita viðeigandi frestun eða styttingu á lengd óhlutgengis. Sá tími sem eftir er af óhlutgenginu, eftir að það hefur verið stytt eða því frestað samkvæmt greinum 10.5.3 og 10.5.4, verður að vera minnst fjórðungur af annars gildandi lengd óhlutgengis.

10.7.3 Þriðja brot.

Þriðja brot á lögnum varðar alltaf lífstíðaróhlutgengi, nema ef þriðja brotið uppfyllir skilyrði fyrir undanþágu eða styttingu á óhlutgengi samkvæmt grein 10.4 eða felur í sér brot á grein 2.4 (Ekki tilkynnt um dvalarstað og ekki mætt í lyfjapróf). Í þessum tilfellum skal óhlutgengi vera frá átta (8) árum til lífstíðar.

10.7.4 Viðbótarreglur vegna mögulegra ítrekaðra brota.

Vegna beitingu refsinga samkvæmt grein 10.7 telst lyfjamisnotkun einungis annað brot ef Lyfjaráð ÍSÍ getur sýnt fram á að íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur framdi seinna brotið eftir að íþróttamaðurinn eða einstaklingurinn hafi fengið tilkynningu, í samræmi við grein 7 (Meðferð niðurstaðna), eða eftir að Lyfjaráð ÍSÍ gerði sanngjarna tilraun til að tilkynna um fyrsta brotið; ef Lyfjaráð ÍSÍ getur ekki staðfest þetta, skulu brotin bæði teljast sem eitt fyrsta brot og refsingin skal byggjast á alvarlegra brotinu, en hins vegar geta mörg brot haft áhrif þegar metnar eru aðstæður sem auka á saknæmi (grein 10.6).

Ef Lyfjaráð ÍSÍ uppgötvar eftir niðurstöðu í fyrsta brotinu, staðreyndir sem fela í sér lyfjamisnotkun af hálfu íþróttamannsins eða annars einstaklings sem átti sér stað fyrir tilkynningu um fyrsta brotið, þá má Lyfjaráð ÍSÍ leggja á viðbótarrefsingu byggða á þeirri refsingu sem hefði verið lögð á ef brotin hefðu bæði verið dæmd á sama tíma. Úrslit í öllum keppnum aftur til fyrri lyfjamisnotkunar verða dæmd ógild eins og kveðið er á um í grein 10.8. Til að forðast þann möguleika að finna aðstæður sem auka á saknæmi (grein 10.6) vegna fyrra brots sem uppgötvast síðar, verður íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur að viðurkenna af sjálfsdáðum fyrri brotið í tæka tíð eftir tilkynningu um brotið sem hann var upphaflega kærður fyrir. Sama regla gildir einnig þegar Lyfjaráð ÍSÍ uppgötvar staðreyndir sem varða aðra fyrri lyfjamisnotkun eftir að niðurstaða er fengin í seinni lyfjamisnotkun.

**Athugasemd við grein 10.7.4: Í hugsanlegum aðstæðum brýtur íþróttamaður gegn lyfjareglum 1. janúar, 2008, sem Lyfjaráð ÍSÍ uppgötvar ekki fyrir en 1. desember, 2008. Í millitíðinni brýtur íþróttamaðurinn gegn lyfjareglunum 1. mars, 2008, og tilkynnir Lyfjaráð ÍSÍ íþróttamanninum um brotið 31. mars, 2008, og Dómstóll úrskurðar 30. júní, 2008, að íþróttamaðurinn hafi brotið gegn lyfjareglunum 1. mars, 2008. Brotið sem uppgötvaðist síðar og átti sér stað 1. janúar, 2008, verður grundvöllur fyrir aðstæður sem auka á saknæmi því íþróttamaðurinn viðurkenni ekki brotið í tæka tíð eftir að hafa fengið tilkynningu um seinna brotið 30. mars, 2008.**

10.7.5 Mörg brot á lögnum á átta ára tímabili.

Vegna greinar 10.7 verður hvert brot á lögnum að eiga sér stað á sama átta ára tímabilinu til að teljast ítrekuð lyfjamisnotkun.

10.8 Ógilding árangurs í keppnum eftir sýnisveitingu eða staðfesta lyfjamisnotkun.

Til viðbótar við sjálfkrafa ógildinguna í keppnum sem gáfu grunsamlega niðurstöðu samkvæmt grein 9 (sjálfkrafa ógilding árangurs einstaklings), skal allur annar árangur frá þeim degi sem grunsamleg niðurstaða var veitt (hvort sem það var í keppni eða utan keppni), eða önnur lyfjamisnotkun átti sér stað eftir byrjun tímabundins brottreksturs eða óhlutgengis teljast ógildur, nema sanngirni krefjist annars, með öllum tilheyrandi afleiðingum svo sem sviptingu verðlaunapeninga, stiga og verðlaunafjár.

10.8.1 Sem skilyrði fyrir að fá keppnisrétt eftir að hafa brotið gegn lögnum, verður íþróttamaðurinn fyrst að endurgreiða allt verðlaunafé sem hann hefur fyrirgert samkvæmt þessari grein.

10.8.2 Útdeiling fyrirgerðs verðlaunafjár

Ef reglur alþjóðasér sambands kveða ekki á um að fyrirtæki verðlaunafé skuli veitt öðrum íþróttamönnum, skal því fyrst varið til að greiða sýnakostnað Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ sem gerði nauðsynlegar ráðstafanir til að endurheimta verðlaunafé, síðan til að standa straum af kostnaði lyfjaeftirlits ÍSÍ sem hafði umsjón með niðurstöðunum og afgangurinn, ef einhver er, skal útdældur í samræmi við reglur alþjóðasér sambandsins.

**Athugasemd við grein 10.8.2: Ekkert í lögum þessum útilokar að hreinir íþróttamenn eða aðrir einstaklingar sem hafa orðið fyrir tjóni vegna einstaklinga sem hafa brotið gegn lyfjareglum að leita réttar síns á skaðabótum frá viðkomandi.**

### 10.9 Upphaf óhlutgengi

Að frátöldum ákvæðum hér fyrir neðan, skal óhlutgengi miðast við daginn sem úrskurður liggur fyrir eða ef skýrslutöku er hafnað, er miðað við daginn sem óhlutgengið er samþykkt eða lagt á með öðrum hætti. Allur tími bráðabirgðabrottreksturs (hvort sem hann er lagður á eða á hann fallist) skal dreginn frá heildarlengd álagðs óhlutgengis.

10.9.1 Tafir sem eru ekki íþróttamanninum eða öðrum einstaklingi að kenna.

Hafi orðið umtalsverðar tafir á skýrslugjafarferlinu eða öðrum þáttum lyfjaeftirlitsins sem eru ekki sök íþróttamannsins eða annars einstaklings, má sá aðili sem leggur á refsinguna láta óhlutgengið hefjast fyrir, jafnvel miða við dag sýnisveitingar eða daginn sem annað brot á lögnum átti sér stað.

10.9.2 Tafarlaus játning

Þar sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur tafarlaust (sem í öllum tilvikum hjá íþróttamanni þýðir áður en íþróttamaðurinn keppir aftur) viðurkennir brot á lögnum eftir fullyrðingu lyfjaeftirlits ÍSÍ um slíkt, má óhlutgengi miðast við dag sýnisveitingar eða þann dag sem annað brot á lögnum á sér stað. Í hverju tilfalli þar sem þessari grein er beitt, skal íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur taka út minnst helming óhlutgengisins frá þeim degi sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur féllst á álagða refsingu, deginum sem úrskurður dómstóls um refsingu lá fyrir eða deginum sem refsingin var að öðru leyti lögð á.

**Athugasemd við grein 10.9.2: Þessi grein á ekki við þar sem keppnisbann hefur þegar verið stytst samkvæmt grein 10.5.4 (Viðurkenning á broti á lyfjareglum þegar aðrar sannanir skortir).**

10.9.3 Ef bráðabirgðabann er dæmt og íþróttamaðurinn unni þeim úrskurði, skal draga þennan tíma frá því óhlutgengi sem kann að lokum að verða úrskurðað.

10.9.4 Ef íþróttamaðurinn sættir sig við skriflegt bráðabirgðabann frá Lyfjaráði ÍSÍ og hættir síðan keppni, skal þetta tímabili metið til frádráttar frá því óhlutgengi sem kann síðar að verða dæmt. Eintak af sjálfviljugri viðurkenningu íþróttamannsins á bráðabirgðabanninu skal tafarlaust veitt hverjum þeim aðila sem hefur rétt á að fá tilkynningu um hugsanlegt brot á lögnum samkvæmt grein 14.1.

**Athugasemd við grein 10.9.4: Þótt íþróttamaðurinn unni bráðabirgðabrottrekstri telst það ekki játning af hans hálfu og skal ekki túlkast á neinn hátt íþróttamanninum í óhag.**

10.9.5 Ekki skal draga frá óhlutgengi tímabil áður en bráðabirgðabann tekur gildi eða bráðabirgðabann af sjálfsdáðum, án tillits til þess hvort íþróttamaðurinn kaus að keppa ekki eða var vísað úr liði sínu.

**Athugasemd við grein 10.9: Orðalagi greinar 10.9 var breytt til að gera það skýrt að tafir sem íþróttamanninum eru ekki að kenna, tafarlaus játning íþróttamannsins og bráðabirgðabrottrekstur eru einu réttlætingarnar fyrir að byrja afplánun keppnisbanns áður en dómstóllinn kveður upp úrskurð. Þessi breyting leiðréttir fyrra ósamræmi í túlkun og beitingu greinarinnar.**

### 10.10 Staða í óhlutgengi

10.10.1 Bann við þátttöku á óhlutgengistíma

Enginn sem hefur verið dæmdur í óhlutgengi má á þeim tíma taka þátt að neinu leyti í keppni eða starfsemi (annarri en heimilaðri fræðslu um lyfjamisnotkun eða meðferðarstarfi) eða í keppnum á vegum atvinnudeildar eða einhvers alþjóðasér sambands eða mótshaldara á lands eða alþjóðlegu stigi.

Íþróttamaður eða annar einstaklingur sem sætir óhlutgengi lengur en í fjögur ár má eftir þann tíma taka þátt í staðbundnum mótum í öðrum íþróttum en þeirri sem hann framdi brotið í, en þá og því aðeins að hið

staðbundna mót sé ekki á því stigi að viðkomandi geti áunnið sér keppnisrétt, beint eða óbeint (eða unnið til stiga þar að lútandi) í landsmeistaramóti eða alþjóðlegri keppni.

Íþróttamaður eða annar einstaklingur sem er óhlutgengur skal sæta lyfjaeftirliti.

**Athugasemd við grein 10.10.1:** *Dæmi: Íþróttamaður í keppnisbanni má ekki taka þátt í æfingabúðum, sýningarmóti eða æfingum á vegum landssambands síns eða félagi sem á aðild að landssambandinu. Enn fremur má íþróttamaður í keppnisbanni ekki taka þátt í atvinnudeild án undirritunaraðila (t.d. NHL, NBA, o.sv.frv.) Mót á vegum alþjóðasambands sem er ekki undirritunaraðili eða landssambands sem er ekki undirritunaraðili, án þess að það varði þeim viðurlögum sem lýst er í grein 10.10.2. Refsingar í einni íþrótt eru viðurkenndar í öðrum íþróttum (sjá grein 15, Gagntvæm viðurkenning).*

10.10.2 Brot á þáttökubanni á óhlutgengistíma

Þar sem íþróttamaður eða annar einstaklingur sem dæmdur hefur verið í óhlutgengi, brýtur þáttökubann á óhlutgengistímanum sem lýst er í grein 10.10.1, skal árangur af slíkri þáttöku ógildur og tímabil óhlutgengisins sem upphaflega var lagt á, hefjast að nýju frá og með dagsetningu brotsins. Nýtt tímabil óhlutgengis má stytta samkvæmt grein 10.5.2 ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sýnir fram á að hann beri enga umtalsverða sök eða vanrækslu fyrir brot á þáttökubanninu. Lyfjaeftirlitið, sem sá um niðurstöður lyfjaprófsins sem leiddu til upphaflega óhlutgengisins, úrskurðar hvort íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hefur brotið þáttökubannið og hvort stytting samkvæmt grein 10.5.2 á við.

**Athugasemd við grein 10.10.2:** *Ef íþróttamaður eða annar einstaklingur er talinn hafa brotið þáttökubann á óhlutgengistíma, skal lyfjaeftirlitið sem hafði umsjón með niðurstöðum lyfjaprófsins sem leiddi til keppnisbannsins, úrskurða hvort íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hafi brotið gegn banninu og ef svo er, hvort íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur eigi rétt á styttingu á nýbyrjuðu keppnisbanni sínu samkvæmt grein 10.5.2. Úrskurðum lyfjaeftirlita samkvæmt þessari grein má áfrýja samkvæmt grein 13.2.*

**Ef aðstoðarfólk íþróttamanns eða annars einstaklings veitir umtalsverða aðstoð við brot á þáttökubanninu á óhlutgengistímanum, má lyfjaeftirlitið sem hefur lögsögu yfir viðkomandi aðstoðarfólki íþróttamannsins eða annars einstaklings, dæma viðkomandi í refsingu samkvæmt sínum reglum, fyrir slíka aðstoð.**

10.10.3 Stöðvun fjárhagslegs stuðnings á óhlutgengistíma

Að auki verður íþróttatengdum fjárstuðningi eða öðrum íþróttatengdum stuðningi sem viðkomandi einstaklingur fær, haldið eftir að hluta eða öllu leyti af hálfu undirritunaraðila, aðildarsambanda þeirra, þar á meðal landssambönd, og stjórnvalda, vegna brota á lyfjareglu sem felur ekki í sér styttingu á viðurlögum vegna tilgreindra efna eins og lýst er í grein 10.4.

10.11 Endurinntökuþróf

Sem skilyrði fyrir endurheimt keppnisleyfis, verður íþróttamaðurinn hvenær sem er á tímabili tímabundins brottreksturs eða óhlutgengi að vera tiltækur fyrir próf utan keppni á vegum Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ eða annarra sem lögsögu hafa yfir íþróttamanninum. Íþróttamaðurinn verður, ef þess er krafist, að veita nákvæmar upplýsingar um dvalarstað sinn hverju sinni.

Ef óhlutgengur íþróttamaður hættir í íþróttinni og er afskráður úr prófunarhópi utan keppni og leitar síðar eftir inntöku, er hann ekki tækur til inntöku fyrr en hann hefur tilkynnt Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi það og sætt utankeppniseftirliti þann tíma sem eftir var af óhlutgenginu þegar hann hætti þáttöku.

**Grein 11: Afleiðingar fyrir lið**

11.1 Lyfjapróf í hópíþróttum

Ef fleiri en einn meðlimur sama liðs í hópíþrótt hefur fengið tilkynningu um brot á lögnum samkvæmt grein 7 (Meðferð niðurstaðna) í tengslum við mót, skal viðkomandi sérsamband láta framkvæma frekari próf á liðinu meðan á keppnistímabilinu stendur.

11.2 Afleiðingar fyrir lið

Ef fleiri en tveir meðlimir liðs í hópíþrótt brjóta lyfjareglur á liðamóti, skal sérsamband refsá liðinu með viðeigandi hætti (þ.e. missir stiga, útilokun frá keppni eða móti, eða aðrar refsingar) ásamt öðrum afleiðingum fyrir einstaka íþróttamenn sem brjóta lögin.

11.3 Sérsamband má úrskurða harðari afleiðingar fyrir lið

Sérsamband má ákveða að setja reglur fyrir mót sem kveða á um afleiðingar fyrir lið sem eru harðari en lýst er í grein 11.2.

***Athugasemd við grein 11.3: Til dæmis getur Alþjóða Ólympíunefndin sett reglur sem kveða á um útilokun liðs af Ólympíuleikum á grundvelli færri brota á lyfjareglum á leikunum.***

**Grein 12: Viðurlög gagnvart sérsamböndum**

12.1 Fjárhagsstuðningi og/eða öðrum stuðningi frá ÍSÍ til sérsambanda sem fylgja ekki lögum þessum eða hafa ekki tekið þau upp, má halda eftir að hluta til eða öllu leiti.

12.2 Aðild eða viðurkenning sérsambanda af hálfu ÍSÍ má afturkalla eða halda eftir þar til lyfjareglur viðkomandi sérsambands eru í samræmi við lög þessi og Alþjóðalyfjareglurnar.

12.3 Ákvörðunum ÍSÍ samkvæmt grein 12 (Viðurlög gagnvart sérsamböndum) má áfrýja eins og kveðið er á um í grein 13.6 (Áfrýjanir ákvarðana samkvæmt grein 12).

### Grein 13: Áfrýjanir

#### 13.1 Ákvarðanir sem má áfrýja

Ákvörðunum sem byggðar eru á lögum þessum má áfrýja eins og lýst er í grein 13.2 til 13.4 í lögum þessum eða eins og annars er kveðið á um í Lögum ÍSÍ um lyfjamál. Slíkar ákvarðanir eru áfram í gildi meðan á áfrýjun stendur nema áfrýjunardómstóllinn ákveði annað. Áður en áfrýjun er hafin, verður að láta reyna til þrautar á athugun eftir úrskurð eins og þessar reglur kveða á um eða reglur lyfjaeftirlitsins sem sér um málsmeðferðina samkvæmt grein 8 (að því frátöldu sem kveðið er á um í grein 13.1.1.)

##### 13.1.1 WADA er ekki skylt að fullreyna innri úrræði

Ef Alþjóðalyfjaeftirlitið hefur rétt til að áfrýja samkvæmt grein 13 og enginn annar aðili hefur áfrýjað lokaúrskurði í ferli lyfjaeftirlits ÍSÍ, má Alþjóðalyfjaeftirlitið áfrýja slíkum úrskurði beint til CAS án þess að fullreyna önnur úrræði í ferli lyfjaeftirlits ÍSÍ.

***Athugasemd við grein 13.1.1: Þar sem úrskurður hefur verið kveðinn upp fyrir lokastig lyfjaeftirlitsferilsins (t.d. fyrsta skýrslutaka) og enginn aðili kys að áfrýja þeirri ákvörðun til næsta stigs í ferli lyfjaeftirlitsins (t.d. yfirstjórn) má WADA sleppa öðrum skrefum í innra ferli lyfjaeftirlitsins og áfrýja beint til CAS.***

#### 13.2 Áfrýjanir úrskurða varðandi brot á lögum þessum, afleiðingar og tímabundinn brottrekstur

- Ákvörðun um brot á lögum þessum
- ákvörðun sem leiðir til afleiðinga vegna brots á lögum
- ákvörðun um að Lög ÍSÍ um lyfjamál hafi ekki verið brotin;
- ákvörðun um að meðferð brots á lyfjareglum geti ekki haldið áfram af verklagsregluástæðum;
- ákvörðun samkvæmt grein 10.10.2 (Brot á þátttökubanni í óhlutgengi)
- ákvörðun um að landslyfjaeftirlit hafi ekki lögsögu til að úrskurða um meint brot á lyfjareglum
- ákvörðun lyfjaeftirlits að leggja ekki fram niðurstöður um lyfjamisnotkun
- ákvörðun lyfjaeftirlits að leggja ekki fram grunsamlegar niðurstöður sem brot á lyfjareglum
- eða ákvörðun að halda ekki áfram með brot á lyfjareglum eftir rannsókn samkvæmt grein 7.1.9
- og ákvörðun að dæma bráðabirgðabrottrekstur eftir bráðabirgðaskýrslutöku eða brot á grein 7.6,

má áfrýja einhliða eins og lýst er í þessari grein 13.2.

##### 13.2.1 Áfrýjanir sem varða íþróttamenn á alþjóðlegu stigi

Í málum vegna þátttöku á alþjóðlegu móti eða í málum sem varða íþróttamenn á alþjóðlegu stigi, má áfrýja ákvörðuninni einhliða til gerðardóms íþróttar („CAS“) í samræmi við gildandi ákvæði um slíkan dómstól.

***Athugasemd við grein 13.2.1: Ákvarðanir CAS eru endanlegar og bindandi nema ef endurskoðun þurfi samkvæmt gildandi lögum um ógildingu eða framfylgingu úrskurða gerðardóms.***

##### 13.2.2 Áfrýjanir sem varða íþróttamenn á landsstigi

Í málum sem varða íþróttamenn á landsstigi, eins og það er skilgreint af lyfjaeftirliti ÍSÍ, sem hafa ekki rétt til áfrýjunar samkvæmt grein 13.2.1, má áfrýja viðkomandi ákvörðun til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ.

##### 13.2.3 Aðilar með áfrýjunarrétt

Í málum sem heyra undir grein 13.2.1, hafa eftirtaldir aðilar rétt á að áfrýja til CAS:

- a) Íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sem er efni hins áfrýjaða úrskurðar;
- b) hinn aðilinn í málinu sem ákvörðunin nær til;
- c) viðkomandi alþjóðasársamband;
- d) Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ og lyfjaeftirlit lands eða landa einstaklingsins þar sem hann er ríkisborgari eða leyfishafi;
- e) Alþjóðaólympíunefndin eða Alþjóða-Ólympíuhreyfing fatlaðra, eftir því hvað á við, þar sem úrskurðurinn kann að hafa áhrif á Ólympíuleikana eða Ólympíumót fatlaðra, þar á meðal úrskurðir sem hafa áhrif á keppnisrétt á Ólympíuleikum eða Ólympíumóti fatlaðra, og
- f) Alþjóðalyfjaeftirlitið.

Í málum sem heyra undir grein 13.2.2 skulu aðilar með áfrýjunarrétt til áfrýjunardómstóls viðkomandi lands vera eins og kveðið er á um í lögum þessum en að lágmarki vera eftirtaldir:

- (a) Íþróttamaðurinn eða annar aðili sem sætir ákvörðuninni sem er áfrýjað;
- (b) hinn aðilinn í málinu sem ákvörðunin nær til;
- (c) viðkomandi alþjóðasársamband;
- (d) landslyfjaeftirlit viðkomandi íþróttamanns (e) Alþjóðalyfjaeftirlitið.

Hvað varðar mál samkvæmt grein 13.2.2 hefur Alþjóðalyfjaeftirlitið og alþjóðasársambandið einnig rétt til að áfrýja til CAS úrskurði/dómi áfrýjunardómstóls lands viðkomandi íþróttamanns. Aðili sem áfrýjar á rétt á aðstoð frá CAS til að fá allar viðkomandi upplýsingar frá viðkomandi lyfjaeftirliti, hvers úrskurði er áfrýjað, og upplýsingarnar skulu veittar ef CAS fyrirskipar það. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara reglna, er íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sá eini sem má áfrýja bráðabirgðabrottrekstri, sem hann eða hún sætir.

13.3 Ef Dómstóll ÍSÍ úrskurðar ekki í tæka tíð.

Ef Dómstóll ÍSÍ kemst ekki að niðurstöðu um meint brot á lögnum innan skynsamlegra tímamarka sem Alþjóðalyfjaeftirlitið setur, getur Alþjóðalyfjaeftirlitið áfrýjað beint til CAS eins og Dómstóll ÍSÍ hefði úrskurðað að lögin hefðu ekki verið brotin. Ef íþróttadómstóllinn (CAS) úrskurðar að um brot á lögnum hafi verið að ræða og að Alþjóðalyfjaeftirlitið hafi gert rétt í því að áfrýja beint til CAS, þá skal ÍSÍ endurgreiða Alþjóðalyfjaeftirlitinu útgjöld og lögfræðikostnað við áfrýjunina.

***Athugasemd við grein 13.3: Miðað við ólíkar kringumstæðum í hverri rannsókn á broti á lyfjareglum og umsjón með niðurstöðum er ekki gerlegt að setja föst tímamörk fyrir lyfjaeftirlit að kveða upp úrskurð, áður en WADA grípur inn í með beinni áfrýjun til CAS. Áður en slíkt er gert, mun WADA ráðgast við lyfjaeftirlitið og gefa því færi á að skýra hvað valdi drætti á úrskurði. Ekkert í þessari grein bannar landslyfjaeftirliti að hafa einnig reglur sem heimila því að taka sér lögsögu í málum þar sem umsjón með niðurstöðum lyfjaprófa hjá einhverju landsambandi hefur tafist óviðeigandi lengi.***

13.4 Áfrýjun ákvarðana sem veita eða hafna undanþágu vegna lækninga.

Samþykki eða höfnun á undanþágu vegna lækninga, má áfrýja beint til CAS af íþróttamanni eða lyfjaeftirlitinu, hvers úrskurði var hnekkt. Úrskurðum, sem hafna undanþágum og Alþjóðalyfjaeftirlitið hnekkir ekki, má áfrýja af keppendum á alþjóðastigi til CAS og aðrir íþróttamenn mega áfrýja til endurskoðunaraðila lands samkvæmt grein 13.2.2. Ef endurskoðunaraðilinn hnekkir úrskurðinum um höfnun á undanþágu, má Alþjóðalyfjaeftirlitið áfrýja þeim úrskurði til CAS.

Ákvörðun Alþjóðalyfjaeftirlitsins sem snýr að veitingu eða höfnun á undanþágum, sem lúta reglum CAS, getur íþróttamaðurinn eða Lyfjaráð ÍSÍ áfrýjað beint til CAS.

Þegar til þess bær aðili svarar ekki rétt framlagðri beiðni um undanþágu vegna lækninga innan hæfilegs tíma, má telja þessa vanrækslu á svari sem höfnun vegna áfrýjunarréttinda þessarar greinar.

13.5 Áfrýjanir ákvarðana samkvæmt grein 12.

Ákvörðunum Framkvæmdastjórnar ÍSÍ samkvæmt grein 12 (Viðurlög gagnvart sérsamböndum) má áfrýja beint til CAS af viðkomandi sérsambandi.

13.6 Áfrýjunarfrestur

13.6.1 Frestur til að áfrýja til CAS skal vera tuttugu og einn dagur (21) frá móttöku áfrýjunaraðila á úrskurði. Þrátt fyrir ofangreint skal eftirfarandi gilda um áfrýjanir af hálfu aðila sem hefur áfrýjunarrétt en sem var ekki aðili að málsmeðferðinni sem leiddi til úrskurðarins sem er áfrýjað:

- a) Innan tíu (10) daga frá tilkynningu um úrskurð, hefur slíkur aðili/aðilar rétt til að krefja úrskurðaraðila um eintak af skýrslu þeirri sem úrskurðaraðili studdist við;
- b) Ef slík beiðni er lögð fram innan tíu daga, þá hefur beiðandi tuttugu og einn dag (21) frá móttöku skýrslunnar til að áfrýja til CAS.

13.6.2 Aðili sem hefur rétt til að áfrýja úrskurði Dómstóls ÍSÍ og æskir þess, skal tilkynna Áfrýjunardómstól ÍSÍ innan fjórtán (14) daga frá tilkynningunni til Alþjóðalyfjaeftirlitsins um úrskurð Dómstólsins.

13.6.3 Þrátt fyrir ofangreint skal frestur til áfrýjunar eða inngripa af hálfu Alþjóðalyfjæftirlitsins vera seinni kosturinn af eftirtöldum:

- (a) Tuttugu og einum (21) degi eftir lokadag áfrýjunarfrests annars aðila, eða
- (b) Tuttugu og einum (21) degi eftir móttöku Alþjóðalyfjæftirlitsins á skýrslunni sem úrskurðurinn byggist á.

### Grein 14: Tilkynningar og staðfesting

#### 14.1 Tilkynningar um undanþágur

Lyfjaráði ÍSÍ ber að tilkynna tafarlaust sérhverja veitta undanþágu ípróttamanna í skráðum lyfjaprófunarhópi, til viðkomandi alþjóðasársambands, sérsambands og Alþjóðalyfjaeftirlitsins.

##### 14.1.1 Stöðutilkynningar

Ípróttamaður, sem á jákvætt sýni eða ípróttamaður eða annar aðili sem talinn er hafa brotið lyfjareglur eftir frumathugun, sem og alþjóðasamband ípróttamannsins og Alþjóðalyfjaeftirlitið, skal reglulega fá upplýsingar um stöðu og niðurstöður athugunar eða málsmeðferðar samkvæmt grein 7 (Meðferð niðurstaðna), 8 (Málsmeðferð) eða 13(Áfrýjanir) og fá skriflega rökstudda skýringu eða úrskurð sem lýsir lausn málsins.

##### 14.1.2 Trúnaður

Viðtakandi félög skulu ekki veita þessar upplýsingar öðrum en þeim sem á þurfa að halda (sem eru viðkomandi aðilar í viðkomandi Ólympíunefnd, landssambandi og liði í liðsíprótt) þar til Lyfjaeftirlitið sem fer með niðurstöðurnar, hefur birt þær opinberlega eða ekki birt þær opinberlega samkvæmt grein 14.2 hér að neðan.

#### 14.2 Tilkynningar um lyfjapróf

Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ ber að miðla upplýsingum um dvalarstað ípróttamanna til Alþjóðalyfjaeftirlitsins. Alþjóðalyfjaeftirlitinu ber að gera upplýsingarnar aðgengilegar fyrir önnur lyfjaeftirlit sem vald hafa til að prófa ípróttamanninn.

14.2.1 Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ ber að tilkynna um öll lyfjapróf í keppni og utan keppni á sínum vegum eins fljótt og auðið er að þeim loknum til Alþjóðalyfjaeftirlitsins.

14.2.2 Þessar upplýsingar skal ávallt meðhöndla með fullum trúnaði. Má einungis nýta þær til skipulagningar, samhæfingar eða til framkvæmdar lyfjaprófs og þeim eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf.

#### 14.3 Tilkynning niðurstaðna rannsókna

14.3.1 Þegar búið er að tilkynna sérsambandi um niðurstöðu úr lyfjaeftirliti ípróttamanns úr þeirra röðum sem bendir til brota á lögum þessum skal Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ, tilkynna eftirfarandi til viðkomandi alþjóðasársambands og Alþjóðalyfjaeftirlitsins ekki seinna en við lok þess ferlis sem lýst er í grein 7.3.1 (Frumrannsókn): nafn ípróttamanns, land, íprótt og keppnisgrein, hvort prófað var í eða utan keppni, dagsetningu sýnatöku og skýrslu rannsóknarstofu um niðurstöðu greiningarinnar. Jafnframt ber að tilkynna fyrrnefndum aðilum um ákvarðanir og niðurstöður, þar á meðal niðurstöður rannsókna, skýrslugjafa og áfrýjana.

14.3.2 Óski ípróttamaður eftir að B-sýni verði greint ber Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ að tilkynna viðkomandi sérsambandi og Alþjóðalyfjaeftirlitinu um niðurstöðu þeirrar greiningar.

14.3.3 Í þeim tilfellum þar sem óhltugengi er afnumin á grundvelli greinar 10.5.1 (Engin sök eða vanræksla) eða stytt samkvæmt grein 10.5.2 (Engin alvarleg sök eða vanræksla) skal Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ veita viðkomandi alþjóðasársambandi og Alþjóðalyfjaeftirlitinu eintak af skriflegum rökstuddum úrskurði.

#### 14.4 Tilkynningar samkvæmt lögum þessum

14.4.1 ÍSÍ ber að birta árlega almenna greinargerð með tölulegum upplýsingum um lyfjaeftirlit á þeirra vegum. Afrit af skýrslunni ber að senda Alþjóðalyfjaeftirlitinu.

14.4.2 Lyfjaeftirlit ÍSÍ sendir annað hvert ár yfirlit til WADA um hvernig Alþjóða Lyfjareglurnar séu uppfylltar hér á landi og útskýringar á öllum frávikum.

14.4.3 WADA skal vera miðstöð fyrir gögn lyfjaeftirlits og niðurstöður hvað varðar íþróttamenn á alþjóðastigi og íþróttamenn á landsstigi sem tilheyra skráðum lyfjaprófunarhópi landslyfjaeftirlits. Til að greiða fyrir samræmdri dreifingu lyfjaprófa og forðast óþarfa tvítekningar á prófum ýmissa framkvæmda aðila lyfjaeftirlits, skal hvert lyfjaeftirlit tilkynna öll próf í keppni og utan keppni á þessum íþróttamönnum eins fljótt og auðið er að prófunum loknum til upplýsingamiðstöðvar WADA. WADA skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar fyrir íþróttamanninn, landssamband íþróttamannsins, Ólympíunefnd lands hans eða Alþjóða-Ólympíuhreyfingu fatlaðra í landinu, Landslyfjaeftirlitið, alþjóðasambandið og Alþjóða Ólympíunefndina eða Alþjóða-Ólympíuhreyfingu fatlaðra.

Til að WADA geti verið upplýsingamiðstöð fyrir niðurstöður lyfjaprófa hefur gagnagrunnurinn ADAMS verið þróaður, sem endurspeglar auknar kröfur um trúnaðarreglur í meðferð gagna. Trúnaðarupplýsingar um íþróttamann, aðstoðarfólk íþróttamanns, eða aðra sem tengjast baráttu gegn lyfjamisnotkun skal vera viðhaldið af WADA undir eftirliti kanadískra persónuverndaryfirvalda, í fyllsta trúnaði og í samræmi við alþjóðareglur um gagnavernd.

### 14.5 Gagnavernd

Þegar uppfylltar eru skuldbindingar samkvæmt þessum reglum, er lyfjaeftirlitum eða landssamböndum heimilt að safna, geyma, vinna eða upplýsa persónuupplýsingar varðandi íþróttamenn og þriðju aðila. Lyfjaeftirlit eða landssambönd skulu tryggja að þau fari eftir viðeigandi lögum um gagnavernd og persónuvernd við meðferð slíkra upplýsingam og alþjóðlegum lögum um verndun einkalífs sem Alþjóðalyfjaeftirlitið skal samþykkja til að tryggja íþróttamönnum og öðrum að þeir fái fullar upplýsingar um og samþykki, þar sem þörf krefur, meðhöndlun persónuupplýsinga vegna lyfjaprófana samkvæmt reglunum og þessum lyfjareglum.

**Grein 15: Gagnkvæm viðurkenning**

15.1 Með fyrirvara um áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13 (Áfrýjanir), skulu undanþágur vegna lækninga og niðurstöður skýrslugjafar eða annar lokaúrskurður sérhvers landslyfjaeftirlits eða annars undirritunaraðila samkvæmt lyfjareglunum og er innan valdsviðs viðkomandi undirritunaraðila, vera viðurkenndar og virtar af Lyfjaráði og sérsamböndum ÍSÍ.

***Athugasemd við grein 15.1: Borið hefur á misræmi í túlkun á þessari grein varðandi undanþágur vegna lækninga. Ef ekki er kveðið á um annað í reglum alþjóðasambands eða í samningi við alþjóðasambönd, hafa lyfjaeftirlit ekki "vald" til að veita ípróttamönnum á alþjóðlegu stigi, undanþágu vegna lækninga.***

15.2 Lyfjaráð og sérsambönd ÍSÍ skulu viðurkenna sömu aðgerðir annarra aðila sem hafa ekki samþykkt lyfjareglurnar ef reglur viðkomandi aðila eru að öðru leyti í samræmi við lyfjareglurnar.

***Athugasemd við grein 15.2: Þar sem úrskurður aðila sem hefur ekki samþykkt lyfjareglurnar, er að sumu leyti í samræmi við lyfjareglurnar og að sumu leyti ekki í samræmi við þær, skulu landslyfjaeftirlit eða sérsambönd reyna að láta úrskurðinn gilda í samræmi við meginreglur lyfjareglunnanna. Dæmi: Ef aðili, sem er ekki undirritunaraðili, kemst að þeirri niðurstöðu í ferli sem er í samræmi við lyfjareglurnar, að ípróttamaður hafi brotið lyfjareglurnar vegna tilvistar bannaðs efnis í líkama hans, en lengd keppnisbannsins er styttra en kveðið er á um í lyfjareglunum, þá skulu allir undirritunaraðilar viðurkenna brotið á lyfjareglunum og skulu standa fyrir skýrslugjöf í samræmi við grein 8 (Málsmeðferð) til að ákveða hvort beita skuli lengra keppnisbanni eins og kveðið er á um í lögum þessum.***

15.3 Með fyrirvara um áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13, skulu sambandsaðilar ÍSÍ samþykkja niðurstöðu Lyfjaráðs og Ípróttadómstóls ÍSÍ vegna brota á Lögum ÍSÍ um lyfjamál. Sambandsaðilar skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja dómum.

### Grein 16: Opinberar upplýsingar

16.1 Auðkenni ípróttamanns eða annars aðila sem lyfjaeftirlit telur hafa brotið lyfjareglu, er heimilt að upplýsa einungis eftir að ípróttamanninum eða aðilanum hefur verið tilkynnt um það og einnig viðkomandi lyfjaeftirlitum í samræmi við grein 7.1, 7.2 eða 7.4

16.2 Ekki síðar en tuttugu (20) dögum eftir að úrskurðað hefur verið í málsmeðferð í samræmi við grein 8 (Málsmeðferð) að brot á lyfjareglu hafi átt sér stað, eða slíkri málsmeðferð hafi verið afsalað eða fullyrðingu um slíkt brot hafi ekki verið hnekkð í tæka tíð, verður lyfjaeftirlitið að birta opinberlega lúkningu lyfjamálsins ásamt ípróttagreininni, viðkomandi broti, nafn ípróttamannsins eða aðilans sem er brotlegur, bannaða efnið eða bönnuðu aðferðina og viðurlögin. Lyfjaeftirlitið verður einnig að birta opinberlega innan tuttugu (20 daga) áfrýjaða úrskurði vegna brota á lyfjareglum. Lyfjaeftirlitið skal einnig innan birtingartíma, senda alla úrskurði og áfrýjanir til Alþjóðalyfjaeftirlitsins.

16.3 Þar sem úrskurðað er, eftir málsmeðferð eða áfrýjun, að ípróttamaðurinn eða annar aðili braut ekki lyfjareglu, má birta úrskurðinn opinberlega með samþykki ípróttamannsins eða hins aðilans sem úrskurðurinn varðar. Lyfjaeftirlitið skal kappkosta að fá slíkt samþykki og ef það fæst, skal það birta úrskurðinn í heild sinni eða í því stutta formi sem ípróttamaðurinn eða hinn aðilinn fallast á.

16.4 Með skírskotun til greinar 14.2, skal birting að lágmarki vera framsetning viðkomandi upplýsinga á vefsíðu lyfjaeftirlitsins eða landssambandsins og vera þar í minnst eitt (1) ár.

16.5 Hvorki lyfjaeftirlit né starfsmenn þeirra mega tjá sig opinberlega um efni máls í meðferð (fyrir utan almenna lýsingu á ferlinu og vísindum sem liggja þar að baki) nema í svörum við opinberum ummælum af hálfu ípróttamannsins, hins aðilans eða fulltrúa þeirra.

**Grein 17: Fyrningarákvæði**

Ekki má grípa til aðgerða gegn íþróttamanni eða öðrum einstaklingi fyrir brot á lögum þessum eftir að átta (8) ár eru liðin frá mögulegu broti.

### Grein 18: Breytingar, túlkun og gildi

#### 18.1 Breytingar

18.1.1 Lyfjaráð ÍSÍ ber ábyrgð á þróun og breytingum á lögum þessum, þar á meðal að framfylgja öllum breytingum á Alþjóðalyfjareglunum.

18.1.2 Verði breytingar á Alþjóðalyfjareglunum skal Framkvæmdastjórn ÍSÍ gera breytingar á lögum þessum til samræmis við þær breytingar. Einnig skal Framkvæmdastjórn ÍSÍ gera aðrar nauðsynlegar breytingar á lögnum til samræmis við kröfur Alþjóðalyfjaeftirlitsins.

18.1.3 Framkvæmdastjórn ÍSÍ skal tilkynna sérsamböndum ÍSÍ tafarlaust um allar breytingar sem gerðar eru á lögum þessum. Breytingar skulu taka gildi, nema kveðið sé á um annað í breytingunni, og framkvæmdar af landssamböndum þremur mánuðum eftir samþykki.

18.1.4 Breytingar á lögum þessum taka gildi samkvæmt ákvörðun Framkvæmdastjórnar ÍSÍ hverju sinni en skulu bornar undir næsta Íþróttþing ÍSÍ til staðfestingar.

#### 18.2 Túlkun

Þessar lyfjareglur skulu túlkaðar sem sjálfstæður og óháður texti og ekki með tilvísun til gildandi laga og lagaákvæða, nema eins og kveðið er á um í grein 18.5.

18.3 Fyrirsagnir í þessum lögum eru aðeins til þæginda og teljast ekki hluti af lögnum eða hafa nein áhrif á efni þeirra ákvæða sem þær vísa til.

18.4 INNGANGURINN, VIÐAUKI I (SKILGREININGAR) og alþjóðareglur Alþjóðalyfjaeftirlitsins teljast hluti af þessum lyfjareglum.

18.5 Þessar lyfjareglur hafa verið samþykktar samkvæmt gildandi ákvæðum Alþjóðalyfjareglanna og skulu túlkaðar í samræmi við gildandi ákvæði þeirra.

18.6 Athugasemdir með ákvæðum reglnanna skulu notaðar til að túlka þessar lyfjareglur.

18.7 Þótt einhver grein þessara lyfjareglna teljist ógild, ófullnustuhæf eða ólögleg af einhverjum ástæðum, eru lyfjareglurnar að öðru leyti áfram í fullu gildi, að frátaldri téðri grein sem telst afmáð að því marki sem hún er ógild, ófullnustuhæf eða ólögleg.

### Grein 19: Upplýsingar og tilkynningar

#### 19.1 Upplýsingar

Allir aðilar sem leggja fram upplýsingar, gögn eða læknisfræðilegar upplýsingar í samræmi við þessi lög, teljast hafa samþykkt að slíkar upplýsingar megi nota af viðkomandi stofnun eða aðila við framkvæmd þessara laga.

#### 19.2 Tilkynningar

19.2.1 Allar tilkynningar sem vísað er til í lögnum falla undir gildissvið ákvæða greinar 19.2.

19.2.2 Allir íþróttamenn í skráðum lyfjaprófunarhópi ÍSÍ skulu upplýsa Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ um aðsetur sem senda má tilkynningar til og ef breyting verður á aðsetri er það á ábyrgð íþróttamannsins að upplýsa Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ um það.

19.2.3 Tilkynningu til íþróttamanns í skráðum lyfjaprófunarhópi ÍSÍ skal koma með ábyrgðarbréfi til skráðs dvalarstaðar íþróttamannsins. Slík tilkynning telst móttakin fimm virkum dögum eftir póstlagningu.

19.2.4 Tilkynningu til annarra íþróttamanna eða aðila skal komið með ábyrgðarpósti til skráðs dvalarstaðar íþróttamannsins eða aðila. Slík tilkynning telst móttakin fimm virkum dögum eftir póstlagningu.

19.2.5 Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ má að undangengnu samkomulagi við móttakanda nota aðrar leiðir en ábyrgðarpóst fyrir tilkynningar, svo sem símbréf, tölvupóst og síma.

**Grein 20: UPPHAF, GILDI OG RÁÐANDI LÖG**

20.1 Þessar lyfjareglur öðlast fullt gildi 8. apríl, 2011. Þær gilda ekki afturvirkir vegna mála í gangi fyrir gildisdag. Þó skulu eftirfarandi undantekningar gilda:

20.1.1 Hvað vaðrar brot á lyfjareglu sem er í málsmeðferð á gildisdegi og brot á lyfjareglum höfðuð eftir gildisdaginn, byggð á broti á lyfjareglu sem átti sér stað fyrir gildisdaginn, skulu gilda þær lyfjareglur sem voru í gildi á þeim tíma sem meint brot átti sér stað, nema það ráð sem tekur málið fyrir, úrskurði að meginreglan um "lex mitior" eða mildara ákvæðið gildi um málsaðstæður.

20.1.2 Öll brot á grein 2.4 um dvalarstað (vanefndir á tilkynningu eða misst af lyfjaprófi) sem lyfjanefnd Ólympíunefndar ÍSÍ úrskurðar um samkvæmt gildandi reglum fyrir gildisdaginn sem voru ekki útrunnar fyrir gildisdaginn og teljast brot á tilkynningaskyldu samkvæmt grein 11 í alþjóðlegum reglum um lyfjapróf, skulu tekin fyrir og með farin, fyrir fyrningu, í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf.

20.1.3 Varðandi mál þar sem lokaúrskurður vegna brots á lyfjareglu var kveðinn upp fyrir gildisdaginn, en íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn er enn að taka út keppnisbann miðað við gildisdaginn, má íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn áfrýja til lyfjaeftirlitsins sem bar ábyrgð á niðurstöðunum um að stytta keppnisbann í ljósi þessara lyfjareglna. Slík umsókn skal lögð fram áður en keppnisbann er útrunnið. Ákvörðun má áfrýja samkvæmt grein 13.2. Þessar lyfjareglur gilda ekki um brot á lyfjareglum þar sem lokaúrskurður um brot á lyfjareglu hefur verið kveðinn upp og keppnisbann er útrunnið.

20.1.4 Með fyrirvara um grein 10.7.5, brot á lyfjareglum samkvæmt reglum í gildi fyrir gildisdaginn skulu metin sem fyrri brot við ákvörðun viðurlaga samkvæmt grein 10.7. Þar sem brot fyrir gildisdag tengdist efni sem væri meðhöndlað sem sérstakt efni samkvæmt þessum lyfjareglum þar sem keppnisbann skemmra en tvö ár var úrskurðar, skal slíkt brot teljast stýtt með skírskotun til greinar 10.7.1.

**Grein 21: Önnur hlutverk og ábyrgð ípróttamanna og annarra aðila**

21.1 Hlutverk og ábyrgð ípróttamanna

- a) Þekkja lyfjareglurnar og fara eftir þeim.
- b) Vera tiltækir fyrir sýnatöku.
- c) Bera ábyrgð á því sem þeir neyta og nota, hvað lyfjamisnotkun varðar.
- d) Upplýsa lækna og hjúkrunarfólk um þá skyldu að nota ekki bönnuð efni og aðferðir og að axla ábyrgð til að tryggja að fengin læknismeðferð brjóti ekki í bága við þessar lyfjareglur.

21.2 Hlutverk og ábyrgð aðstoðarfólks ípróttamanna

- a) Þekkja og fara eftir þessum lyfjareglum.
- b) Vinna með lyfjaprófunaráætlun.
- c) Beita áhrifum sínum á gildi ípróttamanna og athæfi til að ala á andúð á lyfjamisnotkun.

**Samþykkt á 70. Ípróttapingi ÍSÍ, Gullhömrum Reykjavík. 9. apríl 2011**

## Viðauki 1

### Skilgreiningar

**ADAMS.** Umsjónarkerfi lyfjaeftirlits er vefgagnagrunnur fyrir gagnafærslur, geymslu, miðlun og skýrslugjöf, hannað til að aðstoða hagsmunaaðila og Alþjóðalyfjaeftirlitið í baráttu gegn lyfjamisnotkun í tengslum við lög um gagnavernd.

**Grunsamlegar niðurstöður greiningar:** Skýrsla frá rannsóknarstofu eða öðrum viðurkenndum prófunaraðila sem Alþjóðalyfjaeftirlitið hefur samþykkt, sem greinir í sýni tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefni þess eða annarra lífvísa (þar á meðal aukið magn innrænna efna) eða vísbendingu um notkun bannaðrar aðferðar, í samræmi við Alþjóðareglur fyrir rannsóknarstofur og tengd tækniskjöl.

**Ábyrgðaraðili lyfjaeftirlits.** Undirritunaraðili sem ber ábyrgð á samþykkt reglna til að hafa frumkvæði að framkvæma eða framfylgja einhverjum hluta lyfjaeftirlitsferilsins. Þetta nær til Alþjóðaólympíunefndarinnar, Ólympíuráðs fatlaðra, annarra stórmótshaldara sem hafa lyfjapróf á mótum sínum, Alþjóðalyfjaeftirlitsins, alþjóðasársambanda og landslyfjaeftirlita.

**Íþróttamaður.** Sérhver einstaklingur sem tekur þátt í íþrótt á alþjóðlegu stigi (eins og hvert alþjóðasársamband skilgreinir hana) eða landsstigi (eins og lyfjaeftirlit viðkomandi lands skilgreinir hana, nær til en takmarkast ekki við einstaklinga í lyfjaprófunarhópi) sem og allir aðrir keppendur í íþrótt sem er að öðru leyti undir valdsviði undirritunaraðila eða íþróttasambands sem hefur samþykkt Alþjóðalyfjareglurnar. Öll ákvæði lyfjareglanna, þar á meðal prófun og undanþága vegna lækninga, verða að gilda um keppendur á alþjóðastigi og landsstigi. Sum lyfjaeftirlit geta kosið að prófa og beita reglum um lyfjamisnotkun á tómstundastigi eða í keppni öldunga sem eru ekki núverandi eða mögulegir keppendur á landsvísu. Lyfjaeftirlit landa þurfa þó ekki að láta öll ákvæði Alþjóðalyfjareglanna gilda um slíka einstaklinga. Setja má sérstakar landsreglur um lyfjapróf fyrir keppendur utan alþjóðastigs eða sem ekki keppa á landsstigi án þess að það stríði gegn lyfjareglunum. Þannig getur land kosið að prófa tómstundakeppendur en ekki gera kröfur um undanþágur vegna lækninga eða tilkynningaskyldu um dvalarstað. Á sama hátt má mótshaldari sem heldur mót eingöngu fyrir öldunga, kjósa að prófa keppendur en ekki fara fram á undanþágur vegna lækninga eða upplýsingar um dvalarstað. Að því er varðar grein 2.8 (Gjöf eða tilraun til gjafar) og upplýsingar um lyfjamisnotkun og fræðslu, telst sérhver einstaklingur sem tekur þátt í íþrótt sem heyrir undir valdsviði undirritunaraðila, stjórnvalda eða annarra íþróttastofnana sem samþykkja Alþjóðalyfjareglurnar

**Athugasemd við íþróttamann:** Þessi skilgreining gerir það ljóst að allir íþróttamenn á alþjóðlegu stigi og landsliðsstigi falla undir lyfjareglur reglnanna, með þeim nákvæmu skilgreiningum á íþróttageinum á alþjóðlegu stigi og landsstigi sem settar verða fram í lyfjareglum alþjóðasambanda og lyfjaeftirlita. Á landsstigi gilda lyfjareglur samkvæmt reglunum hið minnsta um alla aðila í landsliðum og alla aðila sem hæfir eru til að keppa í meistaramóti í íþrótt. Þetta táknar þó ekki að allir slíkir íþróttamenn skuli vera í skráðum lyfjaprófunarhópi lyfjaeftirlits. Skilgreiningin leyfir lyfjaeftirliti einnig, ef það kys, að færa út lyfjaeftirlit sitt til keppenda á lægri keppnisstigum. Keppendur á öllum stigum skulu njóta upplýsinga og fræðslu um lyfjamisnotkun.

**Aðstoðarfólk íþróttamanns.** Sérhver þjálfari, stjórnandi, umboðsmaður, liðsstarfsmaður, læknir, sjúkraliði, foreldri eða annar einstaklingur sem starfar með eða sinnir íþróttamanni í keppni eða við undirbúning fyrir íþróttakeppni.

**Tilraun.** Meðvitað atferli sem telst umtalsverður þáttur í atferli sem ætlað er að enda með broti á lyfjareglu. Að því tilskildu, að ekkert brot á lyfjareglu skal byggjast á tilraun til brots ef viðkomandi aðili hættir tilrauninni áður en hún uppgötvast af þriðja aðila sem á ekki hlut að tilrauninni.

**Ódæmigerð niðurstaða.** Skýrsla frá rannsóknarstofu eða öðrum aðila sem Alþjóðalyfjaeftirlitið hefur samþykkt og krefst frekari rannsóknar eins og kveðið er á um í Alþjóðareglum fyrir rannsóknarstofur eða tengd tækniskjöl, fyrir úrskurð um grunsamlegar niðurstöður.

**CAS.** Alþjóðaiþróttadómstóllinn.

Lyfjareglurnar. Alþjóðalyfjareglur Alþjóðalyfjaeftirlitsins (WADA).

Keppni. Kapphlaup, viðureign, leikur eða einstök íþróttakeppni. Til dæmis, körfuboltaleikur eða úrslit í 100 metra hlaupi á Ólympíuleikunum. Fyrir hlutakeppni og aðrar íþróttakeppni þar sem verðlaun eru veitt á daglegum grundvelli eða öðrum millibilsgrundvelli gildir aðgreiningin milli keppni og móts eins og reglur viðkomandi alþjóðasársambands kveða á um.

Afleiðingar lyfjamisnotkunar. Brot íþróttamanns eða annars einstaklings á lyfjareglu getur haft eitt eða fleira af eftirtöldu í för með sér: (a) Brottvísun þýðir að árangur íþróttamannsins í einstakri keppni eða móti er ógiltur með öllum fylgjandi afleiðingum svo sem sviptingu verðlaunapeninga, stiga og verðlauna; (b) Óhlutgengi þýðir að íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur er í banni í tilgreindan tíma frá þátttöku í öllum keppnum eða annarri starfsemi eða fjárveitingum eins og kveðið er á um í grein 10.10; og (c) Bráðabirgðabann þýðir að íþróttamanninum eða öðrum einstaklingi er bannað tímabundið að taka þátt í keppni þar til lokaákvörðun hefur verið tekin við skýrslugjöf samkvæmt grein 8 (Málsmeðferð).

Brottvísun. Sjá Afleiðingar lyfjamisnotkunar hér að ofan.

Lyfjaprófun: Öll skref og ferli, allt frá skipulagningu á dreifingu prófa til lokaúrskurðar um áfrýjun, sem felur í sér öll skref og ferla þar á milli, svo sem ákvæðið um upplýsingu á dvalarstað, sýnatöku og meðhöndlun, greiningu á rannsóknarstofu, undanþágur vegna lækninga, umsjón með niðurstöðum og skýrslugjöf.

Mót. Margar keppni saman undir stjórn eins aðila (t.d. Ólympíuleikarnir, HM í sundi eða Mið-Ameríkuleikarnir).

Mótstími. Tíminn milli upphafs og endis móts eins og mótsstjórn kveður á um.

Í keppni. Ef ekki er kveðið á um annað í reglum alþjóðasársambands eða lyfjaeftirlits, tákna "Í keppni" tímabilið sem hefst tólf stundum fyrir keppni þar sem íþróttamaðurinn er skráður til leiks, þar til keppninni lýkur og sýnatökuferli sem tengist keppninni.

Óháð eftirlit. Hópur eftirlitsmanna, undir umsjón Alþjóðalyfjaeftirlitsins, sem fylgist með lyfjaeftirliti á ákveðnum mótum og getur veitt leiðsögn um lyfjaeftirlit og gefur skýrslu um það.

Einstaklingsíþrótt: Sérhver íþrótt sem er ekki liðsíþrótt.

Óhlutgengi. Sjá Afleiðingar lyfjamisnotkunar hér að ofan.

Alþjóðamót. Mót þar sem Alþjóðaólympíunefndin, Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra, alþjóðasársamband, stórmótshaldari, eða önnur alþjóðleg íþróttastofnun er hinn ráðandi aðili yfir mótinu eða skipar tæknistjóra fyrir mótið.

Íþróttamaður á alþjóðlegu stigi. Íþróttamenn sem eitt eða fleiri alþjóðasársambönd hafa skipað í skráðan lyfjaprófunarhóp á vegum alþjóðasársambands.

Alþjóðlegar reglur. Reglur WADA til stuðnings Alþjóðalyfjareglunum. Fylgi við Alþjóðlegu reglurnar (frekar en aðrar reglur, venjur eða verklag) skal(shall) vera nægilegt til að telja megi að verklag samkvæmt Alþjóðlegum reglum hafi verið með réttum hætti. Alþjóðlegar reglur skulu ná yfir öll tækniskjöl gefin út samkvæmt Alþjóðlegu reglunum.

Stórmótshaldarar. Álfusambönd, landsólympíunefndir og aðrar alþjóðlegar fjölíþróttastofnanir sem starfa sem ráðandi aðili fyrir álfu,- svæðis- eða önnur alþjóðleg mót.

Annar lífvísir. Efni, efnaflokkur eða líffræðilegar kennistærðir sem benda til notkunar á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð.

Niðurbrotsefni. Sérhvert efni sem verður til við líffræðilegt umbrotsferli.

---

## Lög ÍSÍ um lyfjamál

---

Ólögráða einstaklingur. Einstaklingur sem hefur ekki náð fullorðinsaldri eins og gildandi lög búsetulands viðkomandi kveða á um.

Landslyfjaeftirlit. Sá aðili sem hefur grundvallarvald og ábyrgð til að samþykkja og framkvæma lyfjareglur, stjórna sýnatöku, meðferð niðurstaðna og umsjón skýrslugjafar, á landsgrundvelli. Þetta getur verið aðili sem margar þjóðir hafa skipað sem svæðislyfjaeftirlit fyrir viðkomandi þjóðir.

Ef til þess bært yfirvald hefur ekki tilnefnt þennan aðila, skal hann vera Ólympíunefnd viðkomandi lands eða fulltrúi hennar. ÍSÍ telst skipaður aðili með skírskotun til þessara lyfjareglna.

Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ. Nefnd á vegum ÍSÍ sem hefur með höndum skipulag og framkvæmd lyfjaprófa. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ heldur utanum skráðan lyfjaeftirlitshóp. Nefndin hefur umsjón með þjálfun lyfjaeftirlitsaðila og fræðslu um málaflokkinn í samvinnu við Lyfjaráð ÍSÍ.

Lyfjaráð ÍSÍ. Nefnd á vegum ÍSÍ sem hefur ákærvald vegna brota á Lögum ÍSÍ um lyfjamál á höndum sér. Jafnframt ber hún ábyrgð á veitingu undanþágna frá bannlista WADA. Lyfjaráð sinnir alþjóðlegu samstarfi um málaflokkinn og er í samstarfi við Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ um fræðslu er viðkemur málaflokknum.

Innanlandsmót. Íþróttamót með þátttöku íþróttamanna á alþjóðlegu stigi eða landsstigi sem er ekki alþjóðamót.

Landssamband. Ráðandi aðili íþróttar í landi, héraði eða á svæði eða hluta af því og meðlimir hans, félög, lið, sambönd eða deildir.

Íþróttamaður á landsstigi. Íþróttamaður, annar en íþróttamaður á alþjóðastigi, sem lyfjaeftirlitsnefnd Ólympíunefndar ÍSÍ skipar í skráðan prófunarhóp.

Landsólympíunefnd. Stofnun sem Alþjóðaólympíunefndin viðurkennir. Hugtakið landsólympíunefnd nær einnig til íþróttasambanda í þeim löndum þar sem íþróttasambandið axlar ábyrgð Ólympíunefndar á sviði lyfjaeftirlits.

Án fyrirvara. Lyfjaeftirlit sem á sér stað án fyrirvara gagnvart íþróttamanninum og þar sem fylgst er með íþróttamanninum frá tilkynningu þar til hann hefur veitt sýni.

Engin sök eða vanræksla. Staðfesting íþróttamanns að hann hafi ekki vitað eða grunað og gæti ekki með réttu hafa vitað eða grunað, þrátt fyrir ítrustu aðgætni, að hann hefði notað eða verið gefið bannað efni eða beittur bannaðri aðferð.

Engin alvarleg sök eða vanræksla. Staðfesting íþróttamanns að sök hans eða vanræksla í ljósi aðstæðna og með mið af skilyrðunum fyrir enga sök eða vanrækslu, hafi ekki verið alvarleg hvað varðar lyfjamisnotkunina.

Után keppni. Allt lyfjaeftirlit sem er ekki í keppni.

Þátttakandi. Íþróttamaður eða aðstoðarfólk íþróttamanns.

Persóna. Einstaklingur, stofnun eða annar aðili.

Varsla. Raunverulegt, líkamleg varsla, eða sannanleg varsla (sem er aðeins ef einstaklingurinn hefur einn umráð yfir hinu bannaða efni eða bönnuðu aðferð eða þeim stað þar sem bannaða efnið eða bannaða aðferðin var til staðar); að því tilskildu að ef einstaklingurinn hefur ekki einn umráð yfir hinu bannaða efni eða bönnuðu aðferð eða þeim stað þar sem bannaða efnið eða bannaða aðferðin er til staðar, þá telst varsla aðeins sönnuð ef einstaklingurinn vissi um tilvist hins bannaða efnis/bönnuðu aðferðar og ætlaði sér að hafa umráð yfir því.

Að því tilskildu, samt sem áður, að enga lyfjamisnotkun má byggja eingöngu á vörslu, ef, á undan móttöku tilkynningu þess efnis að einstaklingurinn hafi brotið lyfjareglu, hafi einstaklingurinn sýnt með atferli sínu að hann ætli sér ekki að hafa efnið undir höndum og kannast ekki við vörsluna og skýrir lyfjaeftirlitinu sérstaklega frá því. Þrátt fyrir annað sem fram kemur í þessari skilgreiningu, teljast kaup (rafræn eða annar háttur) á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð) varsla þess aðila sem kaupir.

**Athugasemd: Samkvæmt þessari skilgreiningu teljast sterar sem finnast í bíl íþróttamanns brot, nema íþróttamaðurinn sýni fram á að annar hafi notað bílinn; í því tilfalli verður lyfjaeftirlitið að sýna fram á að þótt íþróttamaðurinn hafði ekki alger umráð yfir bílnum, vissi hann af sterunum og ætlaði sér að hafa umráð yfir þeim. Á sama hátt, ef sterar finnast í lyfjaskáp á heimili íþróttamanns og maka hans, verður lyfjaeftirlitið að sýna fram á að íþróttamaðurinn vissi af sterunum í skápnum og að íþróttamaðurinn ætlaði sér að hafa umráð yfir sterunum.**

Bannlisti. Listi yfir bönnuð efni og bannaðar aðferðir.

Bönnuð aðferð. Sérhver aðferð sem er lýst á bannlista Alþjóðalyfjaeftirlitsins.

Bannað efni. Sérhvert efni sem er lýst á bannlista Alþjóðalyfjaeftirlitsins.

Bráðabirgðabann. Sjá Afleiðingar lyfjamisnotkunar að ofan.

Bráðabirgðameðferð: Með skírskotun til greinar 7.6 má flýta og stytta málsmeðferð sem á sér stað fyrir málsmeðferð samkvæmt grein 8 (Málsmeðferð) sem felur í sér tilkynningu til íþróttamannsins og tækifæri til munnlegs eða skriflegs vitnisburðar.

Opinber uppljóstrun eða opinber skýrsla. Að breiða út eða dreifa upplýsingum til almennings eða aðila annarra en þeirra sem hafa rétt á fyrri tilkynningu samkvæmt grein 7 (Meðferð niðurstaðna) og 14 (Tilkynningar og staðfesting).

Skráður lyfjaprófunarhópur. Hópur íþróttamanna í fremstu röð sem hvert alþjóðasársamband og landslyfjaeftirlit skráir sérstaklega og sætir lyfjaprófum bæði í keppni og utan keppni samkvæmt lyfjaprófunarskipulagi alþjóðasársambandsins eða lyfjaeftirlitsins. Sérhvert alþjóðasársamband skal birta lista yfir þessa íþróttamenn í lyfjaprófunarhópi, sem tilgreinir nöfn þeirra eða auðkennir þá með skýrum, tilgreindum aðferðum.

Sýni. Sérhvert lífefni sem er tekið vegna lyfjaeftirlits.

**Athugasemd við sýni: Stundum hefur verið fullyrt að taka blóðsýna brjótí gegn meginreglum ákveðinna trúarhópa eða menningarhópa. Úrskurðað hefur verið að enginn grundvöllur er fyrir slíkum fullyrðingum.**

Undirritunaraðilar. Þeir aðilar sem undirrita Alþjóðalyfjareglurnar og samþykkja að fylgja þeim, þar á meðal Alþjóðaólympíunefndin, alþjóðasársambönd, Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra, Ólympíunefndir landa, Ólympíuhreyfing fatlaðra í einstökum löndum, stórmótshaldarar, landslyfjaeftirlit og Alþjóðalyfjaeftirlitið.

Sérstök efni: Sjá skilgreiningu í grein 4.2.2.

Umtalsverð aðstoð. Hvað varðar tilgang greinar 10.5.3, verður einstaklingur sem veitir umtalsverða aðstoð að: (1) veita að fullu með skriflegum undirrituðum vitnisburði, allar upplýsingar sem hann eða hún býr yfir um lyfjamisnotkun, og (2) veita fulla samvinnu við rannsókn og dómsálagningu í hverju máli sem tengist þessum upplýsingum, þar á meðal, til dæmis, með vitnisburði við skýrslugjöf ef lyfjaeftirlitið eða dómstóllinn fer fram á það. Enn fremur, verða veittar upplýsingar að vera trúverðugar og vera mikilvægur hluti af hverju því máli sem til er stofnað, eða, ef ekkert mál er höfðað, verða að hafa skapað nægilegan málsgrundvöll.

Fölsun. Breytingar í óviðeigandi tilgangi eða á óviðeigandi hátt; hafa óviðeigandi áhrif; óviðeigandi afskipti til að breyta niðurstöðum eða hindra eðlilegt verklag eða taka þátt í sviksamlegu framferði til að breyta niðurstöðum eða hindra eðlilegan framgang verklagsreglna eða að veita lyfjaeftirliti rangar upplýsingar.

Afmörkuð prófun. Val íþróttamanna í lyfjapróf þar sem ákveðnir íþróttamenn eða hópur íþróttamanna er valinn án slembiaðferðar til prófunar á ákveðnum tíma.

Liðaíprótt. Íprótt þar sem innáskiptingar íþróttamanna eru heimilar í keppni.

Prófun. Þeir hlutar lyfjaeftirlits sem fela í sér skipulag á dreifingu prófa, sýnistöku, meðferð sýnis og flutning á sýni til rannsóknarstofu.

Viðskipti. Að selja, gefa, veita, flytja, senda, afhenda eða dreifa bönnuðu efni eða bannaðri aðferð (beint eða með rafrænum eða öðrum hætti) af hálfu íþróttamanns, aðstoðarfólks íþróttamanns, eða öðrum einstaklingi sem er undir valdsviði lyfjaeftirlitsins til einhverra þriðju aðila, þó með þeim fyrirvara að skilgreining þessi felur ekki í sér aðgerðir læknafræðis í "góðri trú" sem felur í sér bannað efni sem er notað í sönnum og löglegum lækningatilgangi eða hefur aðra ásættanlega skýringu, og felur ekki í sér aðgerðir sem tengjast bönnuðum efnum sem eru ekki bönnuð utan keppni, nema aðstæður í heild sýni að viðkomandi bönnuð efni séu ekki notuð í sönnum og lögmætum læknisfræðilegum tilgangi.

UNESCO samningurinn. Alþjóðlegi samningurinn gegn lyfjamisnotkun í íþróttum, samþykktur á 33. allsherjarþingi UNESCO, 19. október, 2005, ásamt öllum breytingum sem aðildarríki hafa samþykkt og ráðstefna aðila um alþjóðlegan samning gegn lyfjamisnotkun í íþróttum.

Notkun. Beiting, inntaka, innsprautun eða neysla einhverskonar á bönnuðu efni eða aðferð.

WADA. Alþjóðalyfjaeftirlitið.